

## ÁVARP FORMANNS

Langbráðum áfanga var náð þegar Knattspyrnusamband Íslands opnaði nýjar höfuðstöðvar sínar á Laugardalsvelli á sextugasta afmælisári sínu. Glæsileg bygging hefur risið við vesturstúku Laugardalsvallar sem hýsir skrifstofur og fræðslusetur KSÍ. En byggingin kemur sér ekki bara vel fyrir KSÍ heldur bætir hún líka aðstöðu vallargesta á leikjum. KSÍ hefur eignast framtíðarheimili sitt á Laugardalsvelli og borgarbúar geta glaðst yfir því að vesturstúka vallarins hefur verið stækkuð og endurbætt svo að sómi er að. Laugardalsvöllur er sem nýr leikvangur og tekur nú um 10.000 manns í sæti.

Starfsárið 2007-8 hófst með ársþingi KSÍ 10. febrúar. Þingið var merkilegt fyrir ýmsar sakir aðrar en þær að breytingar urðu á forystusveit sambandsins. Ný lög voru samþykkt fyrir KSÍ sem fólu í sér fjölgun í landsdeildum í Íslandsmóti meistaraflokks. Reglugerðir voru settar undir stjórn sambandsins en um leið var sjálfstæði dóms- og úrskurðarnefnda styrkt.

Félög í 1. deild karla þurftu í fyrsta sinn, reyndar til reynslu, að undirgangast leyfiskerfi KSÍ á sama hátt og félögin í Landsbankadeild karla þó kröfurnar væru í sumum tilfellum minni. Síðastliðið haust hófu svo 24 félög í þessum tveimur deildum undirbúning að leyfisumsóknum sínum fyrir keppnistímabilið 2008. Þetta mun verða íslenskri knattspyrnuhreyfingu til framdráttar og fleiri félög verða í stakk búin til að takast á við keppni á meðal þeirra bestu.

Innra starfið er mikilvægt, bæði í starfsemi knattspyrnufélaga og knattspyrnusambands, en árangur þess er oftast ekki metinn eftir því hvernig til tekst í mótum ársins. Valur átti miklu láni að fagna á árinu og varð Íslandsmeistari í meistaraflokki karla og kvenna. Ekki skyggði á gleðina vígsla á endurbættum leikvangi á Hlíðarenda sem þó verður ekki leikið á fyrr en í vor. Sú ákvörðun að fjölga liðum í landsdeildum setti óneitanlega mikinn og jákvæðan svip á Íslandsmótið í meistaraflokki. Það þýddi að fleiri lið en áður færðust upp um deild í karlaflokki - 3 í stað 2 nema að 5 fóru upp úr 3. deild, en aðeins eitt lið féll í hverri landsdeild. Reyndar léku í fyrsta sinn 12 lið í 1. deild karla og mæltist það fyrirkomulag mjög vel fyrir. Það lofar vonandi góðu fyrir komandi tímabil. Metaðsókn varð að leikjum Landsbankadeildar karla sem staðfesti svo um munar að engin keppni á Íslandi nýtur jafn mikillar hylly almennings.

Mikilvæg skref voru stigin til að bæta enn og auka menntun þjálfara og dómara. Þekking er lykillinn að auknum framförum í íslenskri knattspyrnu og þann þátt má ekki vanmeta. Nýtt fræðslusetur KSÍ á að auðvelda það starf til mikilla muna. Á þessum vettvangi verður KSÍ að leita til sérfræðinga sem starfa hjá erlendum knattspyrnufélögum og knattspyrnusamböndum til þess að fylgjast með því sem er að gerast í öðrum löndum.

Aðstæður til knattspyrnuhöllunar batna sífellt. Gervigrasvöllum fjölga ár frá ári sem og knattspyrnuhöllum. Nýjasta knattspyrnuhöllin, Kórinn í Kópavogi, var opnuð sl. haust en hún er byggð skv. keppnisstöðlum og er öll hin glæsilegasta. Kópavogsbær lét ekki þar við sitja heldur var reist glæsileg stúka við Kópavogsvöll. Framkvæmdir við knattspyrnumannvirki eru víða í gangi eða á hönnunarstigi þannig að framtíðin er björt á þessum vettvangi. Sparkvallaátaki KSÍ lauk formlega í árslok 2007 og hafði þá staðið í 4 ár. Byggðir hafa verið rúmlega 100 sparkvellir um allt land, íslenskri æsku til hagsbóta og íslenskri knattspyrnu til framdráttar.

Landsliðin voru umfangsmikil í rekstri KSÍ eins og vera ber. Aldrei fyrr hefur Ísland leikið eins marga landsleiki í knattspyrnu eða samtals 62 og aldrei fyrr hafa jafn margir áhorfendur mætt á leiki A landsliðanna. Árangur A landsliðs kvenna var einkar góður, en það sama var ekki upp á teningnum hjá A landsliði karla. U17 landslið karla náði þeim frábæra árangri að komast í 8-liða úrslitakeppni EM sem haldin var í Belgíu sl. vor. Þessi árangur er einstakur í sögu KSÍ. U19 landslið kvenna tók þátt í úrslitakeppni EM sem fór fram á Íslandi í lok júlí. Keppnin tókst í alla staði vel og var íslenskri knattspyrnuhreyfingu til sóma.

Stjórn KSÍ þakkar aðildarfélögum sínum fyrir öflugt knattspyrnustarf á árinu. Samstarf forystumanna félaganna og KSÍ hefur verið gott og farsælt. Stjórn KSÍ þakkar einnig öllum þeim fjölmörgu sem lagt hafa knattspyrnuni lið á árinu, s.s. nefndarmönnum, sjálfboðaliðum, stuðningsmönnum, samstarfsaðilum, fjölmiðlum og starfsmönnum hreyfingarinnar, en síðast en ekki síst öllum þeim fjölda iðkenda sem eru alltaf í boltanum.

*Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ*



## STJÓRN KSÍ

61. ársþing KSÍ var haldið á Hótel Loftleidum 10. febrúar 2007. Nýr formaður KSÍ var kjörinn Geir Þorsteinsson, í stað Eggerts Magnússonar. Þrír nýir aðilar komu að auki inn í stjórn KSÍ, þau Guðrún Inga Sívertsen, Stefán Geir Þórisson og Vignir Þormóðsson, og komu þau í stað Eggerts Steingrímssonar, Ágústs Inga Jónssonar og Björns Friðþjófsssonar. Var stjórnin þannig skipuð að loknu ársþingi:

- Geir Þorsteinsson, formaður
- Halldór B. Jónsson, varaformaður
- Guðrún Inga Sívertsen, gjaldkeri
- Jón Gunnlaugsson, ritari
- Ástráður Gunnarsson
- Ingibjörg Hinriksdóttir
- Lúðvík S. Georgsson
- Stefán Geir Þórisson
- Vignir Þormóðsson

Um mitt ár var Lúðvík S Georgsson settur varaformaður vegna forfalla Halldórs B Jónssonar.

Varamenn voru Jóhannes Ólafsson, Kjartan Daníelsson og Þórarinn Gunnarsson. Fulltrúar landshluta í stjórn voru Jakob Skúlason (Vesturland), Björn Friðþjófsson (Norðurland), Guðmundur Ingvason (Austurland) og Einar Friðþjófsson (Suðurland). Hér varð sú breyting að Björn Friðþjófsson tók sæti Ómars Braga Stefánssonar á Norðurlandi.

Stjórn KSÍ hélt 17 bókaða fundi á árinu (milli ársþinga).

## STARFSFÓLK KSÍ

Þrír nýir starfsmenn voru ráðnir til KSÍ 2007 - Magnús Már Jónsson var ráðinn sem dómarastrjóri, Guðlaugur Gunnarsson kom í stað Halldórs Arnar Þorsteinssonar sem hætti störfum í mótadeild, og Þórir Hákonarson, tók við stöðu framkvæmdastjóra af Geir Þorsteinssyni. Þá hóf Dagur Sveinn

Dagbjartsson störf í janúar 2008 í fræðslumálum.

### Starfsfólk KSÍ:

- Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri
- Birkir Sveinsson, mótastjóri
- Dagur Sv. Dagbjartsson, fræðslumál
- Eyjólfur Sverrisson, sparkvallamál
- Guðlaugur Gunnarsson, mótamál
- Gunnar Gylfason, landsliðsmál
- Klara Bjartmarz, skrifstofustjóri
- Kristinn V. Jóhannsson, vallarst.m.
- Luka Kostic, hæfileikamótun
- Magnús Már Jónsson, dómarastrjóri
- Margrét Elíasdóttir, ritari
- Ómar Smáráson, leyfisstjóri
- Pálmi Jónsson, fjármálastjóri
- Ragnheiður Elíasdóttir, ritari
- Sigurður R. Eyjólfsson, fræðslustjóri
- Þorvaldur Ingimundarson, mótamál
- Jóhann Kristinsson, vallarstjóri
- Sigríður Sigurðardóttir, ræstitæknir

## VIÐBURÐARÍKT ÁR

Geir Þorsteinsson var kjörinn formaður KSÍ á ársþingi KSÍ í febrúar og er hann sá áttundi til að gegna stöðunni.

Nýjar og glæsilegar höfuðstöðvar KSÍ voru vígðar á árinu og Laugardalsvöllur endurbættur. Um er að ræða stærstu fjárfestingu sem KSÍ hefur nokkru sinni ráðist í.

Ný lög KSÍ voru samþykkt einróma á ársþingi sambandsins í febrúar. Í nýju lögnum hefur m.a. verið komið til móts við kröfur FIFA og UEFA um skylduákvæði.

Breytingar voru gerðar á félagaskiptakerfi að kröfu FIFA og voru m.a. tvö félagaskiptatímabil sett í reglugerðina.

2008 var stórt ár hjá Valsmönnum, enda fögnuðu þeir Íslandsmeistararitlum bæði í mfl. karla og kvenna. Titillinn í karlaflokki var sá fyrsti í 20 ár. FH fagnaði bikarmeistararitlinum í meistaraflokki karla í fyrsta sinn.

Aðeins eitt lið féll úr Landsbankadeildinni 2007 og þrjú félög komu

upp úr 1. deild vegna fjölgunar liða. Frá og með 2008 munu 12 lið leika í þremur efstu deildum karla og 10 lið í Landsbankadeild kvenna.

Glæsilegt áhorfendamet var sett í Landsbankadeild karla og var 100.000 áhorfenda múrinn loks rofinn. Að meðaltali voru áhorfendur 1.329 á hverjum leik.

Aukin áhersla var lögð á dómaramál á árinu. Þrekæfingum var fjölgað, fleiri fundir voru haldnir og fleiri dómaramámskeið. Aldrei hafa jafnmargir unglingsdómarar verið útskrifaðir á einu ári. Þá var gerður nýr kjarasamningur við dómara.

Síðasta ár var viðburðaríkt fyrir landsliðin okkar. Það skiptust á skin og skúrir hjá A landsliði karla, en A kvenna siglir enn hraðbyri að sæti í úrslitakeppni EM 2009, m.a. eftir frækinn sigur á Frökkum.

Úrslitakeppni EM U19 landsliða kvenna var haldin hér á landi í júlí. Um er að ræða eitt umfangsmesta verkefni sem KSÍ hefur tekið að sér og var keppnin hin glæsilegasta.

U17 karla komst í úrslitakeppni EM í Belgíu og léku því tvö íslensk landslið í lokakeppni EM á árinu.

Aldrei hafa landslið Íslands í knattspyrnu leikið fleiri landsleiki en á nýliðnu ári. Alls léku sjö landslið Íslands í karla- og kvennaflokki 62 leiki.

Aldrei áður hafa leikir A-landsliðs karla í undankeppni stórmóts verið jafn vel sóttir. Nýtt áhorfendamet í A-landsleik kvenna var sett þegar ríflega 6.000 manns studdu við bakið á íslenska liðinu gegn Serbíu.

Eiður Smári Guðjohnsen sló markamet A liðs karla á árinu og hefur nú skorað 19 mörk fyrir liðið.

Margrét Lára Viðarsdóttir, leikmaður Vals, var kjörin Íþróttamaður ársins 2007 af Samtökum Íþróttafréttamanna, fyrst knattspyrnukvenna.

## MÓTIN 2007

Sú ákvörðun að fjölga liðum í landsdeildum karla og kvenna í Íslandsmóti meistaraflokks árið 2008 setti svip sinn á mótahaldið á árinu enda fluttust fleiri lið upp um deildir en í hefðbundnu ári.

### LENGJUBIKARINN

Í febrúar 2007 undirrituðu KSÍ og ÍG - Íslenskar getraunir samning um að Deildarbikarkeppni karla og kvenna árið 2007 beri heitið *Lengjubikarinn*. Í samningnum felst m.a. að ÍG mun nota leiki keppninnar á Lengjuna sem og að verðlaunafé verði veitt til sigurvegara.

Deildarbikar karla og kvenna hófst 1996 og fór því fram í 12. sinn. Að venju var leikið að mestu í knattspyrnuhúsum (Akraneshöll, Boganum, Egilshöll, Fífunni og Reykjaneshöll), en leikið var að hluta til utandyra þegar fór að vora.

FH-ingar tryggðu sér Deildarbikar-meistaratitilinn í fjórða sinn á sex árum með því að sigra Valsmenn með þremur mörkum gegn tveimur í framlengdum úrslitaleik A-deildar, en leikið var á Stjörnuvelli.

Valur varð Deildarbikar-meistari í A-deild kvenna í þriðja skipti á fimm árum með sigri á KR í úrslitaleik í Egilshöll, 2-1.

### HÉRAÐSMÓT

Fylkismenn unnu Reykjavíkur-meistaratitilinn í meistaraflokki karla í fjórða sinn með sigri á Víkingi í úrslitaleik, 3-1, en leikið var í Egilshöll. KR varð Reykjavíkurmeistari í meistaraflokki kvenna annað árið í röð og tryggðu KR-stúlkur sér titilinn með sigri á Val, 4-3, í hörkuspennandi úrslitaleik í lokaumferðinni.

KA vann sigur í Norðurlandsmóti Powerade, í annað sinn í fimm ára sögu mótsins. KA-menn tryggðu sér sigurinn með því að leggja Þórsara 3-2 í lokaleiknum, sem var hreinn úrslitaleikur um efsta sætið. Allir leikir mótsins fóru fram í knattspyrnuhúsinu Boganum á Akureyri.

Breiðablik fagnaði enn sigri í Faxaflóamóti meistaraflokks kvenna, sem fram fór í þriðja sinn, og hafa Blikastúlkur unnið sigur í mótinu öll þrjú árin. Sex lið tóku þátt í ár og var leikin einföld umferð.

### MEISTARAKEPPNI KSÍ

Meistarakeppni KSÍ, viðureign Íslandsmeistara og bikarmeistara, fór nú fram í fimmta sinn frá því hún var endurvakin árið 2003 og fór hún þá fram í fyrsta skipti síðan 1998.

Í Meistarakeppni karla unnu Íslandsmeistarar FH bikarmeistara Keflavíkur með einu marki gegn engu. Leikurinn fór fram á efri velli í Kaplakrika.

Valur gjörsgraði Breiðablik með átta mörkum gegn einu í Meistarakeppni kvenna, en liðin mættust í Egilshöll.

### FH-INGUM SPÁÐ FJÓRÐA TITILNUM Í RÖÐ

Á hinum árlega kynningarfundum Landsbankadeildar karla, sem fram fór í Smáralind, spáðu fulltrúar félaganna um lokastöðu liðanna í deildinni. Íslandsmeisturum FH var spáð sigri í mótinu og þar með fjórða Íslandsmeistaratitilinum í röð, en KR-ingar og Valsmenn voru ekki langt undan. Aðeins eitt lið féll úr deildinni í ár vegna fjölgunar liða, og var nýliðum HK spáð því hlutskipti. Hefði spáin gengið eftir hefði röð liða verið þannig að móti loknu:

Röð	Félag	Stig
1.	FH	281
2-3.	KR	252
2-3.	Valur	252
4.	Keflavík	201
5.	Fylkir	157
6.	Breiðablik	133
7.	Fram	129
8.	ÍA	108
9.	Víkingur R.	94
10.	HK	43

### VALSMENN MEISTARAR Í FYRSTA SINN Í 20 ÁR

Það voru Valur og FH sem háðu harða baráttu um Íslandsmeistaratitilinn á síðasta keppnistímabili. FH-ingar hófu Landsbankadeildina 2007 í sama sæti og þeir höfðu haldið frá árinu 2004, því efsta. Toppsætinu héldu þeir allt þar til í 17. umferðinni í ár, þegar Valsmenn skutust upp fyrir þá með góðum sigri í Kaplakrika. FH hafði fram til þessa verið í efsta sæti deildarinnar samfleytt í 38 mánuði – alls 60 umferðir.

Valsmenn, sem höfðu fylgt FH eins og skugginn allt sumarið, gerðu engin mistök í lokaumferðinni og héldu efsta sæti deildarinnar með sigri á HK á Laugardalsvelli. Fögnuður leik-manna Vals, forráðamanna og þeirra dyggu stuðningsmanna var gríðarlegur í leikslok, enda var þetta fyrsti Íslandsmeistaratitill félagsins í meistaraflokki karla í 20 ár, eða síðan 1987.

Keflavík var eina liðið sem virtist ætla að veita Val og FH einhverja keppni framan af móti, en eftir ósigur gegn ÍA á Akranesi í 9. umferð datt botninn úr leik liðsins og Keflvíkingar höfnuðu í 6. sæti. Skagamenn hins vegar tvíefldust, léku mjög vel á seinni hluta mótsins og höfnuðu í 3. sæti. Fylkir og Breiðablik sigldu nokkuð lygnan sjó allt sumarið, þó Blikar hafi þurft að bíða þar til í 6. umferð deildarinnar eftir fyrsta sigri sínum.

Að venju var fallbaráttan gríðarlega hörð og æsispennandi allt til loka mótsins. Fyrir lokaumferðina voru fjögur lið í fallhættu – Fram, HK, KR og Víkingur – en aðeins eitt lið féll í ár vegna fjölgunar í deildinni 2008. Að lokum voru það Víkingar sem höfnuðu í botnsætinu og féllu því í 1. deild.

## Landsbankadeild karla - Lokastaða

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Valur	18	11	5	2	41	- 20	21 38
2 FH	18	11	4	3	42	- 26	16 37
3 ÍA	18	8	6	4	34	- 27	7 30
4 Fylkir	18	8	5	5	23	- 18	5 29
5 Breiðablik	18	5	9	4	29	- 20	9 24
6 Keflavík	18	5	6	7	26	- 32	-6 21
7 Fram	18	3	7	8	25	- 31	-6 16
8 KR	18	3	7	8	17	- 30	-13 16
9 HK	18	4	4	10	17	- 35	-18 16
10 Víkingur R.	18	3	5	10	15	- 30	-15 14

## 100.000 ÁHORFENDA MÚRINN ROFINN

Glæsilegt áhorfendamet var sett í Landsbankadeild karla og var 100.000 áhorfenda múrinn loksins rofinn. Alls mættu 119.644 áhorfendur á leikina 90 í Landsbankadeildinni í ár sem gerir 1.329 áhorfendur að meðaltali á leik.

Fyrri áhorfendametið var sett árið 2006 þegar 98.026 áhorfendur mættu á leikina, en það gerði að meðaltali 1.076 áhorfendur á leik. Metið, sem féll raunar í 15. umferðinni í ár, var því bætt rækilega enda Landsbankadeildin æsispennandi fram á síðustu mínútu.

Flestir áhorfendur mættu á heimaleiki FH eða 2.306 að meðaltali. Á KR-völlinn mættu næstflestir í ár eða 1.873 að meðaltali.

Níu félag af þeim 10 sem léku í deildinni fengu yfir 1.000 áhorfendur að meðaltali á heimaleiki sína, öll nema nýliðar HK, og fóru FH-ingar þar fremstir í flokki með 2.306 að meðaltali. FH-ingar voru reyndar þeir einu sem fengu yfir 2.000 áhorfendur að meðaltali.

KR-ingar voru duglegastir við að fylgja liði sínu til leiks á útivelli, en 1.741 mættu að meðaltali á útileiki KR. Það voru aðeins útileikir Víkings sem náðu ekki 1.000 áhorfendum að meðaltali.

Best sótti leikur deildarinnar var viðureign FH og Vals í 17. umferð og komu 4.238 áhorfendur á þann leik.

## Aðsókn 2007

	Alls heima	Meðaltal heima
<b>FH</b>	20.755	2.306
<b>KR</b>	16.859	1.873
<b>Valur</b>	10.999	1.222
<b>Fylkir</b>	10.943	1.216
<b>ÍA</b>	10.326	1.147
<b>Keflavík</b>	11.829	1.314
<b>Breiðablik</b>	10.423	1.158
<b>Víkingur</b>	9.508	1.056
<b>Fram</b>	9.340	1.038
<b>HK</b>	8.662	962
	<b>119.644</b>	<b>1.329</b>

## STUÐNINGSMANNAHÓPAR FÉLAGANNA ÁBERANDI

Á undanförnum árum hefur orðið mikil breyting á umgjörð leikja í Landsbankadeildinni. Aðstaðan hefur stórbatnað og verður enn betri á komandi árum, ekki síst vegna tilkomu leyfiskerfisins, sem kveður á um fullnægjandi aðstöðu fyrir áhorfendur. Þá hefur þjónusta við vallargesti verið stórbætt víðast hvar og ýmislegt gert til að laða að fólk, sérstaklega fjölskyldufólk.

Stuðningsmannahópar félaganna hafa einnig orðið meira áberandi og sett mjög skemmtilegan svip á leikina. Stemningin verður sífelld líkari því sem gerist á leikvöngum erlendis. Stuðningsmenn eru merktir með litum sinna félaga, syngja hvatningarsöngva og skemmta sjálfum sér og öðrum. Allt stuðlar þetta að því að gera knattspyrnuleik að því sem hann á að vera fyrir áhorfandann - skemmtileg upplifun.

## FYRSTI BIKARSIGUR FH

Undanúrslitaleikir VISA-bikars karla fóru að venju fram á Laugardalsvelli og þurfti að framlengja þá báða til að knýja fram úrslit. FH vann 3-1 sigur á Breiðabliki og lið Fjölnis, sem lék í 1. deild lagði Fylki með tveimur mörkum gegn einu.

Báðir leikir voru frábær skemmtun fyrir áhorfendur í glæsilegri umgjörð í flóðljósum á besta tíma á Laugardalsvelli. Frábær auglýsing fyrir íslenska knattspyrnu eins og hún gerist best.

Það voru því FH-ingar og Fjölnismenn sem mættust í úrslitaleik VISA-bikarsins á Laugardalsvelli. Flestum þóttu FH-ingar sigurstranglegri enda sóttu þeir nokkuð framan af leik og náðu forystunni eftir um stundarfjórðung. Fjölnismenn komust þó smám saman inn í leikinn, veittu andstæðingum sínum mjög harða keppni og uppskáru jöfnunarmark úr vítaspyrnu undir lok venjulegs leiktíma. Líkt og í undanúrslitaleikjunum þurfti því að grípa til framlengingar til að knýja fram úrslit. Þar voru FH-ingar sterkari og skoruðu þeir mark undir lok fyrri hluta framlengingarinnar, sem reyndist sigurmarkið í leiknum. FH hampaði því VISA-bikarmeistaratitlinum 2007, sem er fyrsti bikarsigurinn í sögu félagsins.

## BREYTT FYRIRKOMULAG Í VISA-BIKAR KARLA 2008

Stjórn KSÍ samþykkti í júní 2007 breytingu á fyrirkomulagi VISA-bikars karla og tekur breytingin gildi fyrir keppnistímabilið 2008. Í undankeppni taka því þátt öll lið nema þau, sem leika í Landsbankadeild. Svæðakeppni verður viðhöfð í undankeppninni og keppni liðanna hagað svo, að 20 lið komist áfram úr undankeppninni í aðalkeppnina auk þeirra 12 liða sem leika í Landsbankadeild. Liðin úr Landsbankadeild hefja því keppni í 32 liða úrslitum árið 2008 í stað 16

liða úrslita áður. Auk þess verður um óbundinn drátt að ræða í 32 liða úrslitum, þannig að Landsbankadeildarlið munu geta dregist saman strax í þeirri umferð.

### VALSSTÚLKUM SPÁÐ MEISTARATITLINUM

Á kynningarfundum Landsbankadeildar kvenna í Smáralind spáðu fulltrúar félaganna að venju um lokastöðu liðanna í deildinni. Þáverandi Íslandsmeisturum Vals var spáð efsta sætinu, en talið var að KR myndi veita Valsstúlkum harða keppni um titilinn. ÍR var spáð neðsta sætinu. Hefði spáin gengið eftir hefði röð liða verið þannig að móti loknu:

Röð	Félag	Stig
1.	Valur	227
2.	KR	220
3.	Breiðablik	188
4.	Keflavík	145
5.	Stjarnan	143
6.	Fylkir	118
7.	Þór/KA	68
8.	Fjölnir	65
9.	ÍR	41

Þegar lokastaðan í deildinni er svo skoðuð má sjá að fulltrúar þessara félaga reyndust glettilega sannspáir.

### ÆSISPENNANDI BARÁTTA

Valur og KR háðu æsispennandi baráttu um sigur í Landsbankadeild kvenna og voru liðin jöfn að stigum alveg fram í næst síðustu umferð mótsins. Úrslitaleikir mótsins voru í raun tvær viðureignir þessara liða, þar sem bæði Valur og KR unnu sigur í leikjum sínum gegn öllum hinum liðunum í deildinni. Fyrst mættust þau í 8. umferð á Valbjarnarvelli og gerðu þá 1-1 jafntefli. Eiginlegur úrslitaleikur mótsins fór síðan fram í 17. umferð á KR-velli, þar sem Valsstúlkur unnu með fjórum mörkum gegn tveimur, sem þýddi að Valur var með pálmann í höndunum fyrir

lokaumferðina. Hlíðarendastúlkur gerðu engin mistök og hömpuðu Íslandsmeistaratitlinum annað árið í röð og þeim 7. í sögu félagsins.

Blikastúlkur höfnuðu í þriðja sæti og þar á eftir komu Keflavík og Stjarnan, sem sigldu nokkuð lyngan sjó um miðja deild. Fylkir, Fjölnir og Þór/KA voru öll jöfn að stigum í lok móts, en það varð hlutskipti ÍR-inga að falla niður um deild að þessu sinni.

#### Landsbankad. kvenna - Lokastaða

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 Valur	16	15	1	0	88	- 7	81 46
2 KR	16	14	1	1	73	- 17	56 43
3 Breiðablik	16	9	2	5	36	- 35	1 29
4 Keflavík	16	7	1	8	30	- 38	-8 22
5 Stjarnan	16	6	3	7	28	- 30	-2 21
6 Fylkir	16	3	4	9	21	- 40	-19 13
7 Fjölnir	16	3	4	9	15	- 35	-20 13
8 Þór/KA	16	4	1	11	17	- 52	-35 13
9 ÍR	16	2	1	13	16	- 70	-54 7

### KR BIKARMEISTARI Í 3. SINN

KR hampaði VISA-bikarmeistaratitli kvenna 2007, sem er þriðji bikarmeistaratitill félagsins í kvennaflokki, með því að leggja Keflavík í úrslitaleik á Laugar-dalsvelli. Í undanúrslitum vann Keflavík lið Fjölnis með þremur mörkum gegn einu og KR lagði Breiðablik í ótrúlegum markaleik, 7-3.

KR-stúlkur voru sterkari aðilinn í úrslitaleiknum gegn Keflavík og unnu þar nokkuð öruggan 3-0 sigur. Vesturbjarliðið var komið með tveggja marka forystu eftur um 20 mínútna leik og þriðja markið leit dagsins ljós snemma í síðari hálfleik. Keflvíkingar börðust af krafti, áttu m.a. skot í stöng, og hefðu með smá heppni getað komist inn í leikinn. Reynsla KR-liðsins reyndist þó vega þungt þegar upp var staðið og voru KR-stúlkur vel að bikarmeistaratitlinum komnar.

### SÝNT BEINT FRÁ FLEIRI LEIKJUM EN ÁÐUR

Sjónvarpsstöðin Sýn sýndi beint frá leikjum Landsbankadeildar karla og var sýnt beint frá fleiri leikjum en nokkru sinni áður. Ákveðinn tröppugangur hefur verið á fjölda beinna útsendinga undanfarin ár og hefur þeim fjölgað jafnt og þétt. Þess ber að geta að í seinustu umferðunum er um einn aðalleik að ræða, en skipt yfir á aðra leiki eftir atvikum.

#### Beinar útsendingar frá LD ka.

2007	31
2006	30
2005	29
2004	19
2003	18
2002	19
2001	23
2000	21

Úrslitaleikir VISA-bikars karla og kvenna voru sýndir beint á RÚV, eins og undanúrslitaleikir karla. Alls var því sýnt beint frá 4 leikjum í VISA-bikar karla og kvenna 2007. Þá sýndi RÚV beint frá einum leik í Landsbankadeild kvenna. Samanlagt voru 36 deildar- og bikarleikir sýndir beint í sjónvarpi á árinu.

### KOSNINGAR FJÖLMÍÐLA

Að venju stóðu Landsbankinn og KSÍ fyrir vali sérstakrar valnefndar (fjölmiðlar og aðrir) á leikmönnum, þjálfurum, dómurum og liðum ákveðinna tímabila í Landsbankadeildum karla og kvenna. Kosningunum er skipt upp í þrjú tímabil - umferðir 1-6, 7-12 og 13-18. Landsbankinn veitti síðan þeim aðilum sem voru tilnefndir veglegar viðurkenningar. Þessar uppákomur vekja jafnan mikla athygli og er vel um þær fjallað í fjölmiðlum.

### BESTU OG EFNILEGUSTU LEIKMENN ÁRSINS

Bestu og efnilegustu leikmenn Landsbankadeilda karla og kvenna eru valdir í kosningu meðal leik-

manna deildanna. Úrslit fyrir 2007 voru kunngerð á lokahófi KSÍ.

Helgi Sigurðsson, leikmaður Vals, var kjörinn leikmaður ársins í Landsbankadeild karla. Efnilegasti leikmaðurinn var kjörinn FH-ingurinn Matthías Vilhjálmsson.

KR-ingurinn Hólmfríður Magnúsdóttir var kjörin besti leikmaður Landsbankadeildar kvenna. Rakel Hönnudóttir úr Þór/KA þótti efnilegasti leikmaður deildarinnar.

## ÞJÁLFAVARAR ÁRSINS

Fjölmiðlar kusu Willum Þór Þórs-son þjálfara ársins í Landsbankadeild karla og Elísabetu Gunnarsdóttur þjálfara ársins í Landsbankadeild kvenna. Willum Þór stýrði liði Vals til fyrsta Íslandsmeistararitils félagsins í meistaraflokki karla í 20 ár. Elísabet var við stjórnvölinn hjá liði Vals sem hampaði Íslandsmeistararitli kvenna annað árið í röð.

## JÓNAS GRANI OG MARGRÉT LÁRA MARKAHÆST

Jónas Grani Garðarsson, leikmaður Fram, og Margrét Lára Viðarsdóttir úr Val voru markahæstu leikmenn Landsbankadeilda karla og kvenna 2007. Fengu þau að launum afhenta gullskó Adidas. Margrét Lára varð þar með markahæst í deildinni fjórða árið í röð og bætti eigið markamet, en Jónas Grani varð markakóngur í fyrsta sinn, og skoraði hann meira en helming allra marka síns liðs í deildinni.

Jónas Grani skoraði 13 mörk fyrir Fram, en Valsarinn Helgi Sigurðsson gerði 12 mörk fyrir Íslandsmeistarana og hlaut því silfur-skóinn. Magnús Páll Gunnarsson úr Breiðabliki hlaut bronsskóinn með 8 mörk.

Margrét Lára hafði að venju mikla yfirburði í markaskorun í ár og

skoraði alls 38 mörk í deildinni, sem verður að teljast hreint út sagt fáheyrður og glæsilegur árangur. Hún bætti eigið markamet frá 2006 um fjögur mörk, en þess ber þó að geta að í ár var einu liði fleira í deildinni. Silfur- og bronsskóna hlutu Hrefna Jóhannesdóttur og Olga Færseth, báðar úr KR. Hrefna skoraði 19 mörk, en Olga 16.

## GARÐAR ÖRN KJÖRINN BESTI DÓMARINN

Garðar Örn Hinriksson var kjörinn besti dómari í Landsbankadeild karla í kjöri leikmanna en viðurkenningin var nú afhent í 14. sinn. Þetta er í þriðja sinn sem Garðar hlýtur þessa viðurkenningu. Hann var einnig kjörinn besti dómari árin 2004 og 2006.

## LIÐ ÁRSINS

Að venju völdu fjölmiðlar lið ársins í Landsbankadeildum karla og kvenna. Þau voru þannig skipuð.

### Karlalið ársins

*Markvörður:*

Fjalar Þorgeirsson - Fylkir

*Varnarmenn:*

Atli Sveinn Þórarinsson - Valur

Barry Smith - Valur

Dario Cingel - ÍA

Sverrir Garðarsson - FH

*Tengiliðir:*

Baldur Ingi Aðalsteinsson - Valur

Bjarni Guðjónsson - ÍA

Matthías Guðmundsson - FH

Davíð Þór Viðarsson - FH

*Framherjar:*

Jónas Grani Garðarsson - Fram

Helgi Sigurðsson - Valur

### Kvinnalið ársins

*Markvörður:*

Guðbjörg Gunnarsdóttir - Valur

*Varnarmenn:*

Alicia Maxine Wilson - KR

Ásta Árnadóttir - Valur

Guðný Björk Óðinsdóttir - Valur

Guðrún S. Gunnarsd. - Breiðablik

*Tengiliðir:*

Edda Garðarsdóttir - KR

Hólmfríður Magnúsdóttir - KR

Katrín Jónsdóttir - Valur

Katrín Ómarsdóttir - KR

*Framherjar:*

Margrét Lára Viðarsdóttir - Valur

Olga Færseth - KR

## STUÐNINGSMENN ÁRSINS

Landsbankinn verðlaunar stuðningsmenn í Landsbankadeildum karla og kvenna fyrir góða frammistöðu á árinu. Veitt eru peningaverðlaun, sem renna skulu til unglingsstarfs viðkomandi félags. Það voru stuðningsmenn KR sem hlutu viðurkenninguna í Landsbankadeild karla og stuðningsmenn Vals hlutu viðurkenninguna annað árið í röð í Landsbankadeild kvenna.

## PRÚÐMENNSKUVERÐLAUN MASTERCARD

Prúðmennskuverðlaun KSÍ og Mastercard voru veitt þeim leikmönnum og félagsliðum sem þóttu hvað prúðust á undangengnu tímabili. Valsmenn hirtu öll verðlaunin að þessu sinni.

Háttvísinefnd valdi Guðmund Benediktsson, Val, prúðasta leikmanninn í Landsbankadeild karla og Katrínu Jónsdóttur, Val, prúðasta leikmanninn í Landsbankadeild kvenna. Guðmundur og Katrín eru bæði þekkt fyrir prúðmennsku og háttvísi innan vallar sem utan.

Valur var prúðasta liðið í Landsbankadeild karla samkvæmt háttvísimati eftirlitsmanna KSÍ. Háttvísimatið tekur mið af fjölda áminninga og brottvísana, sóknarleik (jákvæður leikur) og framkomu leikmanna við mótherja og dómara. Einnig er lagt mat á framkomu liðsstjórnar og áhorfenda. Í Landsbankadeild kvenna var Valur

prúðasta liðið, en þar var stuðst við fjölda spjalda á lið í mótinu.

## SKIPULAG MÓTA

Umfang mótahalds á vegum KSÍ var svipað og undanfarin ár. Leikjum fækkaði þó lítillega frá fyrra ári sem skýrist aðallega af því að ekki var keppt í Íslandsmótinu innanhúss í meistaraflokki á árinu. Í 1. deild karla var leikið í fyrsta skipti í 12 liða deild. Við það fjölgaði leikjum mótsins um 42, þ.e. úr 90 í 132, sem er rúmlega 46% aukning. Einnig var ákveðið að Landsbankadeild kvenna væri leikin með 9 liðum í stað 8 liða. Í 3. deild karla var nauðsynlegt, líkt og undanfarin tvö ár, að víkja frá hefðbundinni skiptingu í riðlakeppni vegna breyttrar þátttöku á landssvæðum.

Aðeins eitt félag féll úr Landsbankadeild karla í ár og þrjú félög fluttust upp úr 1. deild vegna fjölgunar liða í efstu deild, og hafði það að sjálfsögðu mikil áhrif á mótið. Fjölgunin í deildunum hafði það einnig í för með sér að þrjú félög unnu sér sæti í 1. deild og eitt féll í 3. deild. Hvorki fleiri né færri en fimm félög færðust upp úr 3. deildinni þetta árið. Keppnistímabilið 2008 munu því 12 félög leika í efstu þremur deildum karla. Tvö félög fluttust upp úr 1. deild kvenna og leika því 10 félög í Landsbankadeild kvenna 2008.

Keppni í Lengjubíkar karla og kvenna var með sama sniði og árið áður, nema að því leyti að horfið var til fyrra forms í A deild karla og léku þar 8 lið til úrslita í stað 4 liða árið 2006.

Árleg keppni Íslands- og Færeyjameistara í meistaraflokki karla (Atlantic bikarinn) féll niður á árinu þar sem ekki náðist samkomulag um leikdag.

## SÉRSTAKUR KNÖTTUR Í LANDSBANKAÐEILDUM

Landsbankinn gaf öllum félögum í Landsbankadeildum karla og kvenna 2007 50 sérmerktu Mitre Ultimax knetti, til æfinga og keppni, og voru félögin sérstaklega hvött til að nota hann í leikjum deildanna. Öll 9 félögin í Landsbankadeild kvenna léku með knöttinn, og 9 af 10 félögum í Landsbankadeild karla notuðu hann í sínum heimaleikjum. Verkefnið mæltist vel fyrir og góðar líkur eru á að því verði haldið áfram.

## SALA AÐGÖNGUMÍÐA Í GEGNUM MIDLI.S

Fyrir leiki í Landsbankadeild karla var hægt að kaupa miða á forsöluverði í gegnum vefsíðuna midi.is. Það voru liðsmenn Miða.is sem hönnuðu sölukerfi fyrir leikina. Með þessu miðasölukerfi er þjónusta við knattspyrnuáhugafólk verulega bætt, enda gat fólk þannig keypt miða með afslætti, hvort sem um var að ræða í forsölu eða sölu á leikdegi. Þessi netsala lofar mjög góðu fyrir framtíðina og ljóst þykir að sífellt fleiri munu nýta sér þessa þjónustu.

## AÐRAR DEILDIR MEISTARAFLOKKA

Fyrsta deild karla reyndist spennandi allt til loka, en í fyrsta skipti var nú leikið í tólf liða deild. Þrjú félög unnu sér sæti í Landsbankadeildinni vegna fjölgunar og voru það Grindvíkingar sem stóðu uppi sem sigurvegarar. Þróttur og Fjölnir urðu í næstu tveimur sætum og leika Fjölnismenn því í efstu deild karla í fyrsta skipti í sögu félagsins. Það kom í hlut Reynis úr Sandgerði að falla, en aðeins eitt félag féll nú vegna fjölgunar liða í 2. deild.

Haukar fóru taplausir í gegnum 2. deildina. Með þeim fylgdu í 1. deild Selfoss og KS/Leiftur. Sindri frá Hornafirði féll eitt félag í 3. deild.

Víðismenn stóðu uppi sem sigurvegarar í 3. deildinni eftir sigur á Gróttu í úrslitaleik. Þessum tveimur félögum fylgdu upp í 2. deild Hvöt, Hamar og Tindastóll, en sérstök úrslitakeppni var haldin um 5. sætið í deildinni og þar stóðu Sauðkrækningar uppi sem sigurvegarar.

Í 1. deild kvenna var leikið í tveimur landshlutaskiptum riðlum. Tvö efstu lið hvors riðils unnu sér sæti í úrslitakeppni. Í A-riðli voru það HK/Víkingur og Afturelding sem urðu í efstu sætunum en í B-riðli voru Völsungur og Magni í nokkrum sérflokkum. Undanúrslitaviðureignirnar voru fjörugar, en það voru HK/Víkingur og Afturelding sem stóðu uppi sem sigurvegarar og léku til úrslita í 1. deild kvenna. Þar sigraði HK/Víkingur með tveimur mörkum gegn einu, en bæði félögin unnu sér sæti í Landsbankadeild kvenna vegna fjölgunar í deildinni.

## ÍSLANDSMÓT YNGRI FLOKKA

Mótahald yngri flokka var að mestu með hefðbundnu sniði. Gert var tveggja vikna hlé á mótahaldi um mánaðamótin júlí/ágúst í 4. flokki og yngri aldursflokkum líkt og árið 2006. Fjöldi leikja í 2. flokki kvenna var stillt í hóf þar sem tengsl þess aldursflokks við meistaraflokk kvenna eru gríðarlega mikil, ásamt því að úrslitakeppni EM U19 kvenna fór fram á Íslandi á árinu og hafði áhrif á framboð leikdaga.

## HVERNIG FÓR LEIKURINN?

Þessa spurningu þekkjast allir sem tengjast knattspyrnunni. KSÍ hefur

lagt mikla áherslu á að veita fjölmiðlum, þátttakendum og áhugafólki um knattspyrnu sem bestar upplýsingar um úrslit leikja og móta. Leikjum fjölgar og allir vilja fá að vita úrslit, hvort sem um er að ræða leik í 5. flokki eða meistaraflokki. KSÍ hannaði á sínum tíma skráningarkerfi, þar sem úrslit eru skráð bæði með SMS-skeytum og í gegnum vef KSÍ. Úrslitin fara þá sjálfkrafa inn á ksi.is og félögunum er þannig gert auðveldara um vik að koma þeim á framfæri við félagsmenn, fjölmiðla og aðra áhugasama aðila. Sum félög standa sig afburða vel í því að veita þessa þjónustu, en alltof fá nýta sér möguleikann til fullnustu. Aðildarfélögin eru skyldug til að annast þessa skráningu, samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

**KRR-MÓT OG FAXAFLÓAMÓT**

KSÍ annast skipulagningu þessara umfangsmiklu móta samkvæmt sérstöku samkomulagi. Þó nokkur fækkun var á leikjum í KRR mótum sem skýrist af því að haustmót KRR féll niður þar sem unnið var að viðhaldi nokkurra gervigrasvalla í Reykjavík á haustdögum. Héraðssamböndum og öðrum samtökum félaga á landssvæðum stendur til boða þjónusta af hálfu KSÍ - með sama hætti og KRR og Faxaflóafélögin hafa nýtt sér í mótahaldi sínu.

**STARFSHÓPUR UM MÓTAMÁL**

Ákveðið var á árinu að setja á fót starfshóp um mótamál. Starfshópnum var falið að fara yfir mótamál yngri aldursflokka í víðasta skilningi og sérstaklega skyldi hópurinn skoða mótafyrirkomulag, tímabil landsmót og héraðsmóta, upphaf og endi móta, fyrirkomulag úrslitakeppna og

aldursflokkskiptingu. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum til stjórnar KSÍ, sem samþykkti tillögurnar.

- Íslandsmót 2. og 3. flokks mun nú byrja um viku fyrr á vorin.
- Liðum í A og B deildum 2. flokks karla verður fjölgað í 10.
- Hætt verður að tengja saman árangur A og B liða í 5. flokki.
- Fyrirkomulagi úrslitakeppni 5. flokks karla verður breytt.
- Í 5. flokki og yngri verður hætt að nota markamismun þegar röð liða í stöðutöflu er ákveðin.

**ENN FJÖLGAR ERLENDUM LEIKMÖNNUM**

Enn átti sér stað fjölgun á milli ára á erlendum leikmönnum. Á síðasta ári léku hér á landi alls 188 erlendir leikmenn, í deildarkeppni karla og kvenna, samanborið við 166 árið á undan og 148 árið þar á undan. Hér eru ekki taldir upp leikmenn sem fengið hafa íslenskt ríkisfang. Athyglisvert er að fjölmargir þessara leikmanna stöldruðu stutt við og léku aðeins örfáa leiki áður en þeir skiptu aftur um félag. Sérstaklega var þetta áberandi í neðri deildum. Eftir sprengingarnar í fjölgun árin 2004 og 2005 hefur fjöldinn aukist jafnt og þétt síðustu ár.

Ár	Fjöldi
2007	188
2006	166
2005	148
2004	102
2003	74
2002	70
2001	93
2000	89
1999	82
1998	65

Mesta fjölgunin á milli ára var í 1. deild karla og Landsbankadeild kvenna, sem skýrist að einhverju leyti af fjölgun liða í þessum deildum.

Deild	Fjöldi 2007	Fjöldi 2006	Fjöldi 2005
LD karla	34	41	37
1. deild karla	38	23	30
2. deild karla	26	26	18
3. deild karla	47	47	30
LD kvenna	30	16	22
1. d. kvenna	13	13	11

Alls voru 27 af 32 félögum í landsdeildum karla með erlenda leikmenn í sínum röðum, auk 13 félaga í 3. deild. KR var eina félagið í Landsbankadeild karla þar sem engir erlendir leikmenn komu við sögu, en 6 erlendir leikmenn komu við sögu hjá Fram og Keflavík. Öll félögin í Landsbankadeild kvenna voru með erlenda leikmenn, þar af ÍR með flesta, eða 7. Af öllum félögum í deildarkeppni komu flestir erlendir leikmenn við sögu hjá Leikni Fáskrúðsfirði í 3. deild karla, 8 talsins.

Á síðustu tveimur árum hefur enginn leikur í Landsbankadeild karla farið fram án þess að a.m.k. einn erlendir leikmaður hafi komið við sögu. Erlendir leikmenn eru reyndar að jafnaði 3-5 talsins í hverjum einasta leik í deildinni og léku þeir alls 19% af leiknum mínútum í Landsbankadeild karla á árinu. Í 1. deild karla var þetta hlutfall 14,8% en 13,5% í 2.deild karla.

UEFA hefur þegar sett kröfur um fjölda uppalda leikmanna í Evrópumótum félagsliða og nokkur lönd, þ.a.m. Noregur og Svíþjóð, hafa einnig sett reglur um slíkt. Uppaldir leikmenn eru þeir leikmenn sem teljast hafa alist upp hjá viðkomandi félagi eða knattspyrnusambandi skv. nánari reglum þar um.

**FUTSAL - FRAMTÍÐIN**

Ákveðið var á árinu að taka upp reglur FIFA í keppni Íslandsmótsins í knattspyrnu innanhúss. Helstu breytingar eru þær að leiktíminn er lengri, leikið er á handboltamörk á handboltavelli,



með sérstökum innanhússknetti. Mótið 2007 í yngri aldursflokkum var leikið eftir gömlu reglunum, enda kláraðist það í febrúar. Á haustdögum þegar keppni hófst fyrir mótið 2008 var svo leikið eftir nýju reglunum og um leið var fyrirkomulagi mótsins í meistara-flokki breytt. Ekki er lengur leikið í hraðmótsformi á einni helgi í Reykjavík. Þess í stað var ákveðið að leika svæðisbundna riðlakeppni með úrslitakeppni í lok janúar 2008. Af þessum sökum féll niður keppni ársins 2007 í meistara-flokki sem undanfarin ár hefur verið haldin í nóvember. Ákveðið var að leika áfram í hraðmótum í yngri aldursflokkum. Flest lönd í Evrópu hafa tekið upp reglur FIFA í knattspyrnu innanhúss, halda úti landsliðum og senda lið í Evrópu-keppni félagsliða í futsal.

## SKRÁÐUM SAMNINGUM FÆKKAR MILLI ÁRA

Fjöldi samninga sem skráðir voru á árinu hjá félögum í Landsbankadeild karla var 153, sem er talsverð fækkun frá árinu á undan, en þá voru 211 samningar skráðir.

## REGLUGERÐIR SAMEINADAR

Þann 1. júlí tók gildi ný reglugerð fyrir félagaskipti og samninga leikmanna. Nokkrar viðamiklar breytingar voru gerðar er varðar samninga leikmanna og félagskípti. Reglugerðir um félagaskipti og samninga leikmanna var sameinuð í eina reglugerð. Tvö félagskíptatímabil voru sett inn í reglugerðina til samræmis við reglur FIFA. Leikmönnum er einungis heimilt leika með tveimur félögum á tímabilinu 1. júlí til 30. júní árið eftir til samræmis við reglur FIFA, en þó heimilar reglugerðin viss frávik. Öll samningsákvæði milli félags og leikmanns skulu koma

fram í staðalsamningi KSÍ. Í desember 2007 setti stjórn KSÍ bráðabirgðarákvæði sem heimilar leikmönnum sem fá keppnisleyfi 20. febrúar til að leika með viðkomandi félögum í héraðsmótum og í keppni innanhúss fyrir þann tíma.

## MÁL TIL SAMNINGA- OG FÉLAGASKIPTANEFNDAR

Flest ágreiningsefni sem upp komu á árinu voru leyst af skrifstofu KSÍ eða einstökum nefndarmönnum. Nokkuð var þó um að málum væri vísað til nefndarinnar til formlegrar úrlausnar. Eftirfarandi mál fengu formlega meðhöndlun: Róbert Magnússon gegn FH, Buddy Farah gegn Keflavík, Leiftur vegna óska um félagaskipti og ósk Róberts Magnússonar um gerðardóm í málinu gegn FH. Fjallað er nánar um málin í fylgiskýrslu.

## FÉLAGASKIPTI Á ÁRINU

Fjöldi félagaskipta í ár var 1.639, sem er fjölgun um 49 frá fyrra ári. Aukning í félagaskiptum er mikil síðastliðin ár, en að hluta til má skýra fjölgunina með tilkomu nýrra liða í deildakeppni. Líkt og á síðasta ári þurfti starfsfólk KSÍ að grípa inn í nokkur mál þar sem forráðamenn félaga neituðu leikmönnum um félagaskipti. Í flestum tilfellum leystust slík mál á farsælan hátt. Engin undanþága var veitt vegna félagaskipta markvarða.

## UMBOÐSMENN LEIKMANNA

Tveir nýir umboðsmenn tóku til starfa árið 2007. Á árinu voru því starfandi fimm umboðsmenn - þeir Arnór Guðjohnsen, Guðlaugur Þór Tómasson, Magnús Agnar Magnússon (nýr), Ólafur Garðarsson og Unnar Steinn Bjarndal (nýr). Alls voru 28 umboðsmannasamningar

(samningur leikmanns við umboðsmann) skráðir hjá skrifstofu KSÍ á árinu. Fjórir einstaklingar tóku umboðsmannapróf á árinu en enginn þeirra stóðst prófið.

## SIGURVEGARAR Í MÓTUM MEISTARAFLOKKA

### Íslandsmeistarar karla

24 sinnum	KR
20 sinnum	Valur
18 sinnum	Fram, ÍA
5 sinnum	Víkingur R.
4 sinnum	Keflavík
3 sinnum	FH, ÍBV
1 sinni	KA

### Bikarmeistarar karla

10 sinnum	KR
9 sinnum	ÍA, Valur
7 sinnum	Fram
4 sinnum	ÍBV, Keflavík
2 sinnum	Fylkir
1 sinni	FH, ÍBA, Víkingur

### Íslandsmeistarar kvenna

15 sinnum	Breiðablik
7 sinnum	Valur
6 sinnum	KR
4 sinnum	FH
3 sinnum	ÍA
1 sinni	Árman

### Bikarmeistarar kvenna

10 sinnum	Valur
9 sinnum	Breiðablik
4 sinnum	ÍA
3 sinnum	KR
1 sinni	ÍBV

•••••

## DÓMARAMÁL

### KRISTINN STARFAR Í ÚRSLITAKEPPNI EM 2008

Kristinn Jakobsson var á árinu færður í næst efsta styrkleikaflokk dómara hjá UEFA, en íslenskur dómari hefur aldrei áður komist í þennan flokk og samfara þessari flokkun fjölgaði alþjóðlegum verkefnum Kristins. Í lok árs var tilkynnt að Kristinn myndi starfa í úrslitakeppni EM 2008 í Austurríki og Sviss sem fjórði dómari. Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskur dómari starfar í lokakeppni stórmóts A-landsliða.

### BREYTINGAR HJÁ DÓMURUM

Sævar Jónsson bættist í A-hóp dómara 2007 og Oddbergur Eiríksson í A-hóp aðstoðardómara. Upp í B-hóp færðust Valgeir Valgeirsson og Frosti Gunnarsson sem dómarar og Jóhann G. Gunnarsson og Þorvaldur Árnason sem aðstoðardómarar. Nýir C-dómarar urðu Elías Már Guðnason, Gylfi Már Sigurðsson, Halldór Breiðfjörð, Magnús Jónasson, Smári Stefánsson og Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson.

Í árslok 2007 var lokið flokkun ABC-dómara fyrir árið 2008. Þóroddur Hjaltalín og Örvar Sær Gíslason bætast í A-hóp dómara og Áskell Þór Gíslason, Jóhann Gunnar Guðmundsson og Jóhann Gunnarsson í A-hóp aðstoðardómara. Guðmundur Á. Guðmundsson, Vilhjálmur A. Þórarinnsson og Þorvaldur Árnason færast upp í B-hóp dómara ásamt því að Gunnar Sv. Gunnarsson kemur aftur í B-hóp dómara eftir að hafa verið á lista A-aðstoðardómara um nokkurra ára skeið. Smári Stefánsson verður B-aðstoðardómari. Nýir C-dómarar verða

Bjarni Hrannar Héðinsson, Gunnar Jarl Jónsson, Hákon Þorsteinsson, Ingvar Örn Gíslason, Jan Eric Jessen, Sigurhjörtur Snorrason og Þórður Már Gylfason. Í hóp C-aðstoðardómara færast Andri Vigfússon, Eðvarð Eðvarðsson og Jóhann Óskar Þórolfsson.

### FJÖLGAÐ Í DÓMARAHOÞNUM

Fjölgað hefur verið í hópi A, B, og C-dómara undanfarin ár, m.a. vegna aukinna verkefna dómara í þessum hópi. Árið 2007 var fjölgað í 1. deild karla í 12 lið. Þetta þýddi fjölgun um 126 störf hjá dómurum (42 leikir). Árið 2008 verður leikið í 12 liða deildum í Landsbankadeild karla, 1. deild karla og 2. deild karla. Einnig verður leikið í 10 liða deild í Landsbankadeild kvenna. Þessi fjölgun í deildunum 2008 kallar á 408 ný störf dómara og aðstoðardómara. Árið 2008 verða 50 dómarar í þessum hópi, en þeir voru 38 árið 2001.

### D-DÓMARAR MIKILVÆGIR

Um 70 aðrir dómarar (D-hópur) störfuðu einnig við meistaraflokksleiki, þar sem landsdómara er ekki krafist, bæði fyrir KSÍ og beint fyrir félögin. Þetta eru mikilvæg störf sem dómarar í 3. deild karla, 1. deild kvenna, svo og sem aðstoðardómarar í Landsbankadeild kvenna og í 1. og 2. deild karla.

### REYNDIR DÓMARAR HÆTTA STÖRFUM

Í lok sumars tilkynntu nokkrir reyndir dómarar um starfslok sín. Það voru þeir Egill Már Markússon, Gylfi Þór Orrason, Gísli Hlynur Jóhannsson og Pjetur Sigurðsson. Dómaranefnd KSÍ þakkar þeim fyrir mikilvægt framlag til knattspyrnunnar og vonast til að njóta

krafta þeirra í framtíðinni á öðrum sviðum dómaramála.

### ÆFINGAFERÐIR

Tólf dómarar fóru til Portúgals, Spánar og Tyrklands í viku í mars og apríl og dæmdu leiki íslenskra liða sem þar voru í æfingafærdum á vegum Úrvals Útsýnar.

### ÞREKÆFINGAR DÓMARA SKILUÐU SÉR

Ákveðið var að fjölga þrekæfingum dómara strax í janúar 2007. Æft var tvisvar í viku undir leiðsögn þjálfara, en að öðru leyti æfðu dómarar sjálfir. Ljóst er að þessar æfingar skiluðu dómurum almennt í betra formi en áður hefur þekkt. Hið nýja þrekpróf, sem FIFA hafði skipað fyrir að notað yrði til að mæla þol dómara, var því nánast engin fyrirstaða þegar upp var staðið.

### LANDSDÓMARARÁÐSTEFNA OG FRÆÐSLUFUNDIR

Ákveðið var að fjölga fundum með dómurum á árinu. Árleg ráðstefna fyrir deildardómara KSÍ fór fram í Hveragerði í lok apríl og var erlendur fyrirlesari að þessu sinni Alan Snood frá Írlandi. Tveir fundir voru haldnir með dómurum úr A-hópi á keppnistímabilinu til að fara yfir það sem betur mátti fara í dómgæslunni. Einnig var haldin í fyrsta skipti ráðstefna með öllum landsdómurum í nóvember. Fræðslufundir fyrir aðra KSÍ dómara voru haldnir að vori í Reykjavík og á Akureyri.

### STARFSHÓPUR UM DÓMARAMÁL

Á árinu var settur á fót starfshópur sem fjallaði um dómaramál og var

hlutverk hans að koma með hugmyndir að átaki sem miðar að því að fjölga dómurum, og þá sérstaklega kvendómurum. Stjórn KSÍ samþykkti tillögur starfs- hópans og er nú unnið eftir þeim.

- Félögum sem tilkynna þátttöku í Íslandsmóti er nú skylt að tilnefna dómarastjóra í þátttöku- tilkynningu. Dómarastjóra er m.a. ætlað að bera ábyrgð á dómara- málum, manna dómara á leiki o.fl. innan hvers félags.
- Sett var upp samræmd við- miðunarskrá vegna útlagðs kostnaðar dómara í þeim leikjum þar sem aðildafélög bera ábyrgð á að manna dómara – annars vegar fyrir 3. flokk og yngri iðkendur, en hins vegar fyrir 2. flokk og eldri. Jafnframt er skránni skipt eftir því hvort um er að ræða 11 manna bolta eða 7 manna bolta.
- Gert verður átak um fjölgun kvendómara í samráði við aðildarfélögin.
- Staðið verður að átaki um bættu ímynd dómara með auglýsingum og aukinni fræðslu.

## DÓMARASÁTTMÁLI UEFA

Áfram var unnið að því að fá umsókn KSÍ að dómarasáttmála UEFA samþykkt. Þórarinn Gunnarsson, Birkir Sveinsson og Magnús Már Jónsson sóttu undirbúningsfund um málið í höfuðstöðvum UEFA í byrjun júní. Í október kom svo fjögurra manna sendinefnd frá UEFA til að taka út dómaramál hér á landi. Í lok nóvember bárust þau skilaboð að Ísland væri í hópi fimm landa sem frestað var að samþykkja inn að þessu sinni, en átta lönd höfðu hafið undirbúningsferlið. Áfram verður unnið að málinu á nýju ári.

## DÓMGÆSLA Í FUTSAL

Haustið 2007 var byrjað að leika eftir nýjum reglum í knattspyrnu

innanhúss. Um er að ræða reglur FIFA og ber alþjóðlega heitið futsal. Birkir Sveinsson og Þorvaldur Ingimundarson fóru um landið og kynntu þessar nýju reglur ásamt því að gefa út þýðingu á futsal knattspyrnulögunum.

## NORRÆN DÓMARASKIPTI

Norræn dómaraskipti hófust 2005 í þeim tilgangi að auka þekkingu og reynslu ungra og efnilegra dómara. Eyjólfur Magnús Kristinsson tók þátt í samstarfinu 2007 og dæmdi í næst efstu deildum í Noregi og Finnlandi, einn leik í hvoru landi. Á Íslandi dæmdu Petur Reinert frá Færeyjum og Kim Rune Østerlie Borgersen frá Noregi sinn leikinn hvor í 1. deild karla.

## ÍSLENSKIR DÓMARAR Á ALÞJÓÐLEGUM LEIKJUM

Íslenskir dómarar dæmdu fjölmarga alþjóðlega leiki á árinu - A og U21 landsleiki - og voru að auki dómarar á fjölda leikja í Evrópu- mótum félagsliða og Evrópumótum U17 og U19 landsliða. Alþjóðleg verkefni íslenskra dómara árið 2007 koma fram í fylgiskýrslu.

## NÝIR FIFA DÓMARAR 2007

Magnús Þórisson kom nýr inn á lista FIFA dómara 2007. Egill Már Markússon lét af störfum að eigin ósk sem FIFA dómari eftir langan og farsælan feril. Oddbergur Eiríksson kom nýr á lista yfir FIFA aðstoðardómara. Pjetur Sigurðsson lét af störfum sem FIFA aðstoðar- dómari að eigin ósk eftir að hafa átt við þrálát meidsli að stríða.

## EFTIRLITSMENN

Eftirlitsmenn 2007 voru alls fjörutíu og einn og störfuðu þeir við

322 leiki í landsdeildum og bikar- keppni. Skiluðu þeir skýrslum um framkvæmd leikja, frammistöðu dómara og um háttvísi í Lands- bankadeild karla. Fundir með eftirlitsmönnum voru haldnir að vori í Reykjavík og á Akureyri.

## DÓMARANÁMSKEIÐ

Í febrúar, maí og nóvember voru haldin dómaranámskeið með hefð- bundnum hætti í gegnum vef KSÍ með skriflegu prófi í lokin. Einnig voru haldin námskeið hjá þeim félögum sem þess óskuðu. Þá buðu VMA og KHÍ upp á unglinga- dómaranámskeið sem valfag. Aldrei hafa jafnmargir verið útskrifaðir á einu ári, en 268 luku prófi - 70 konur og 198 karlar.

## RÁÐSTEFNUR OG NÁMSKEIÐ ERLendis

Fundur norrænu dómaranefndanna er haldinn annað hvert ár og var að þessu sinni haldinn á Álandseyjum í lok ágúst. Fundinn sóttu Þórarinn Gunnarsson, Ingi Jónsson, Eyjólfur Ólafsson og Magnús Már Jónsson. Ingi Jónsson fór á tvo fundi hjá UEFA um kennslu í knattspyrnu- lögunum og eftirlitsmál. Magnús Már Jónsson og Ingi Jónsson sóttu fund í boði danska knattspyrnu- sambandsins um menntun dómara. Kristinn Jakobsson sótti fundi í boði enska knattspyrnusambandsins með þarlandum úrvalsdeildar- dómurum

•••••

## LANDSLIÐSMÁL

### SKIN OG SKÚRIR

Segja má að skipst hafi á skin og skúrir hjá landsliðunum okkar á árinu. A-landslið karla stóð ekki undir væntingum og árangur þess liðs var algerlega á skjön við flest önnur landslið. A-landslið kvenna stefnir enn hraðbyri á sæti í úrslitakeppni EM 2009, þrátt fyrir að hafa hikstað á útivelli gegn Slóveníu. Yngri landsliðin okkar blómstruðu á árinu. U17 landslið karla lék í úrslitakeppni EM og U19 landslið kvenna í úrslitakeppni EM, sem fram fór hér á landi. Bæði liðin voru landi og þjóð til mikils sóma og ljóst að ef fer sem horfir er framtíð íslenskrar knattspyrnu björt.

### A LANDSLIÐ KARLA

Fyrsti leikur ársins var útileikur gegn Spánverjum í undankeppni EM 2008. Leikið var á Mallorca í ausandi rigningu og þrátt fyrir hetjulega baráttu og sterkan varnarleik okkar liðs náðu heimamenn að skora eina mark leiksins þegar aðeins um 10 mínútur voru til leiksloka.

Næst komu tveir leikir í byrjun júní. Fyrst var leikið gegn Liechtenstein á Laugardalsvelli og voru úrslitin þar mikil vonbrigði, 1-1 jafntefli. Í kjölfarið kom 0-5 skellur gegn Svíum í Stokkhólmi og ljóst að liðið var ekki á góðu róli.

Vináttuleikur gegn Kanada á Laugardalsvelli í ágúst gaf góð fyrirheit um framhaldið og var skipulag liðsins gott í 1-1 jafntefli.

Íslenska liðið var óheppið að ná ekki að landa sigri á stórlíði Spánverja, sem jöfnuðu metin á síðustu stundu eftir að glæsismark

Emils Hallfreðssonar hafði gefið Íslandi forystu. Langþráður sigur kom svo þegar Norður-Írar voru í heimsókn í Reykjavík og 2-1 sigurinn var sá fyrsti sem íslenska liðið vann í rúmt ár. Allt benti nú til þess að liðið væri á réttri leið, en annað kom á daginn.

Tvö mörk Eiðs Smára Guðjohnsen dugðu ekki gegn Lettum, sem unnu 4-2 sigur á Laugardalsvelli í október. Fjórum dögum síðar fékk íslenska liðið útreið gegn Liechtenstein, sem vann 3-0 sigur í Vaduz.

Í lok október tilkynnti stjórn KSÍ að samningur við þjálfarann Eyjólf Sverrisson yrði ekki endurnýjaður og hann myndi því ekki stýra liðinu í lokaleik ársins, sem jafnframt var lokaleikur liðsins í undankeppni EM 2008, gegn Dönnum á Parken. Ólafur Jóhannesson, sem stýrt hafði FH-ingum til þriggja Íslandsmeistarátitla og eins bikarmeistarátitils á fjórum árum, var í kjölfarið ráðinn þjálfari liðsins og stýrði hann því í fyrsta sinn gegn Dönnum í nóvember. Þrátt fyrir ágætan leik náði íslenska vörnin ekki að halda aftur af Dönnum, sem skoruðu þrjú mörk og unnu nokkuð öruggan sigur.

### U21 LANDSLIÐ KARLA

U21 landslið karla, undir stjórn Luka Kostic, lék engan leik fyrri helming ársins, en hóf þátttöku sína í undankeppni EM í ágúst.

Fyrsta verkefnið var heimaleikur gegn Kýpur í Grindavík. Íslenska liðið var afar óheppið að ná ekki stigi eða stigum út úr leiknum eftir stífa sókn að marki gestanna, en eina mark leiksins gerðu Kýpurbúar með slysalegu marki eftir auka-spyrnu í síðari hálfleik.

Tveir leikir fóru fram í september. Fyrst var leikið gegn Slóvakíu á útivelli og lyktaði þeim leik með 2-

2 jafntefli. Jafntefli varð einnig niðurstaðan í markalausum leik á Akranesi gegn liði Belga, þar sem íslenska liðið hafði mikla yfirburði.

Enn vantaði herslumuninn til að knýja fram fyrsta sigurinn þegar sterkt lið Austurríkismanna kom í heimsókn á Grindavíkuvöll í október. Hvort lið um sig skoraði eitt mark, og þrátt fyrir talsverðan sóknarþunga okkar pílta undir lokin tókst þeim ekki að innbyrða öll stigin.

Síðasti leikur ársins í undankeppni EM fór fram í Belgíu í nóvember, en fjórum dögum fyrir þann leik lék íslenska liðið vináttuleik ytra gegn því þýska, sem tapaðist 0-3. Undirbúningurinn skilaði sér þó vel og fyrsti sigur liðsins í undankeppninni náðist á glæsilegan hátt gegn Belgum í Brüssel, 2-1.

Ísland er í þriðja sæti riðilsins í undankeppni EM með 6 stig úr 5 leikjum og hefur aðeins tapað einum leik.

### U19 LANDSLIÐ KARLA

U19 liðið skipað leikmönnum fæddum 1988 og síðar komst áfram úr sínum riðli í undankeppni EM haustið 2006 og lék því í milliriðli í Noregi í maí-júní 2007.

Guðni Kjartansson stjórnaði liðinu í milliriðlinum og voru það jafnframt hans síðustu leikir með liðið. Fyrsti leikurinn var gegn ríkjandi Evrópu-meisturum Spánverja og lauk þeim leik með 3-2 sigri Spánar. Mikið var skorað í öðrum leiknum, þegar Norðmenn lögðu okkar stráka með fjórum mörkum gegn þremur. Þriðji og síðasti leikurinn var enn einn markaleikurinn og í honum vannst öruggur 5-2 sigur gegn Azerbajjan. Leikurinn gegn Azerum var 115. og síðasti leikur Guðna Kjartanssonar með U19

liðið, en hann stjórnaði því frá árinu 1992.

Við starfi Guðna tók Kristinn Rúnar Jónsson og voru hans fyrstu verkefni tveir vináttulandsleikir gegn Skotum hér á landi í byrjun september. Um var að ræða leikmenn fædda 1989 og síðar. Fyrri leikurinn fór fram í Sandgerði og vann íslenska liðið 3-0 sigur. Íslendingar gerðu svo eina mark síðari leiksins, sem fram fór á Njarðvíkurvelli.

Leikið var í undankeppni EM 2007/2008 í október og fór riðillinn fram í Englandi. Fyrsti leikur íslenska liðsins var gegn heima- mönnum, sem unnu sannfærandi sigur, 5-1. Næsti leikur var gegn Belgum og vann Ísland þar góðan 3-1 sigur. Sæti í milliriðli var svo tryggt með 2-0 sigri á Rúmenum í lokaumferðinni.

### U17 LANDSLIÐ KARLA

U17 landsliðið, undir stjórn Luka Kostic og skipað leikmönnum leikmönnum fæddum 1990 og síðar, hafði komist í gegnum undankeppnina haustið 2006 og lék því í milliriðli í Portúgal í mars.

Norður-Írar voru andstæðingarnir í fyrsta leiknum, sem lauk með 2-2 jafntefli. Heimamenn, Portúgalar, voru mótherjarnir í öðrum leiknum og lauk honum með markalausum jafntefli. Eftir tvær umferðir voru Rússar í efsta sætinu með fjögur stig, en Ísland og Portúgal með 2 stig, og áttu öll þessi lið möguleika á efsta sætinu og þar með sæti í úrslitakeppni mótsins. Leikur Íslands og Rússlands í síðustu umferðinni var hreint með ólíkindum. Íslendingar leiddu í hálfleik með fimm mörkum gegn engu og sjötta markið kom í upphafi síðari hálfleiks. En þá tóku Rússar loks við sér og skoruðu fimm mörk það sem eftir lifði

leiksins. Lauk leiknum því með eins marks sigri Íslendinga, 6-5, og var beðið með eftirvæntingu eftir úrslitum úr leik Portúgala og Norður-Íra. Lauk honum með sigri heimamanna í Portúgal, 2-1, sem þýddi að Ísland og Portúgal voru jöfn að stigum, með sama markamun, en Íslendingar komust áfram í úrslitakeppnina á fleiri skoruðum mörkum.

Úrslitakeppnin var leikin í Belgíu í byrjun maí og var fyrsti leikur íslenska liðsins gegn Engendingum, sem unnu 2-0 sigur. Hollendingar voru næstu mótherjar og unnu þeir flæmsku með þremur mörkum gegn engu. Í lokaumferðinni unnu svo heimamenn, Belgar, 5-1 sigur á okkar drengjum. Ekkert stig náðist í úrslitakeppninni, en þó er rík ástæða fyrir okkur Íslendinga til að vera stoltir yfir árangri drengjanna, sem stóðu sig svo sannarlega eins og hetjur fyrir Íslands hönd. Spánverjar unnu Engendinga í úrslitaleiknum og urðu þar með Evrópumeistarar.

U17 liðið skipað leikmönnum fæddum 1991 og síðar tók þátt í tveimur verkefnum – Opna Norðurlandamótinu og undankeppni EM.

Opna NM fór að þessu sinni fram í Danmörku um mánaðamótin júlí-ágúst. Íslenska liðið tapaði fyrstu tvemur leikjum sínum, fyrst 0-2 gegn Engendingum og síðan 0-1 gegn Svíum. Jafntefli varð niðurstaðan í lokaumferð riðilsins, 3-3 gegn Finnum, og því lék Ísland við Færeyjar um 7. sætið og vann þar 3-0 sigur. Svíar urðu Norðurlandameistarar.

Undankeppni EM fór fram í Serbíu um mánaðamótin sept-okt. Fyrsti leikurinn var gegn gestgjöfunum sem unnu sigur með eina marki leiksins, þrátt fyrir þunga sókn íslenska liðsins. Næstu mótherjar voru Ísraelar, sem unnu 3-0 sigur á íslenska liðinu, sem lék manni færri

allan seinni hálfleikinn og skoruðu Ísraelar tvö marka sinna úr vítaspyrnum. Í síðasta leiknum vannst svo 1-0 sigur á Litháum með marki sem skorað var snemma leiks. Íslenska liðið hafnaði í 3. sæti riðilsins og var því úr leik að þessu sinni.

### ÚRTÖKUMÓT

Hið árlega úrtökumót fór fram að Laugarvatni í ágúst. Þar komu saman rúmlega 60 drengir og fór mótið að venju vel fram. Úrtökumót þetta var haldið vegna vals á drengjum sem eru gjaldgengir í U17 liðið 2008. Á árinu 2008 verður í fyrsta sinn einnig haldið úrtökumót stúlkna og fer að fram að Laugarvatni í ágúst eins og hjá drengjunum.

### MIÐASALA Á LANDSLEIKI Í GEGNUM MIDLI.S

Árið 2006 hannaði fyrirtækið Miði.is miðasölukerfi fyrir leiki á Laugardalsvelli og setti það upp. Öll sala aðgöngumiða á landsleiki ársins hefur því farið í gegnum þetta nýja miðasölukerfi, hvort sem um var að ræða forsölu eða sölu á leikdegi. Kerfið hefur reynst afar vel og getur fólk valið sér sæti á vellinum þegar miðinn er keyptur í gegnum midi.is eða ksi.is.

### ATVINNUMENN ERLENDIS

Á sjötta tug Íslendinga eru í dag atvinnumenn með erlendum liðum og hefur þessi fjöldi haldist nokkuð stöðugur undanfarin ár. Flestir leika á Bretlandseyjum og í Skandinavíu, en íslenskir leikmenn eru einnig hjá liðum á Spáni, á Ítalíu og í Hollandi.

Þau félagaskipti sem bera hæst á árinu eru sjálfsagt vistaskipti Emils Hallfredssonar, sem er fyrsti Íslendingurinn til að leika í ítölsku

deildinni síðan Albert Guðmundsson lék með AC Milan um miðja síðustu öld. Emil skipti frá enska úrvalsdeildarliðinu Tottenham til Lyn í Osló um mitt sumar, en staldraði aðeins við þar í tvær vikur áður en hann var seldur til Reggina, sem leikur í Serie-A á Ítalíu.

Íslenskir leikmenn léku lykilhlutverk í meistaraliðum í Noregi og Svíþjóð. Ólafur Örn Bjarnason, Ármann Smári Björnsson og Kristján Örn Sigurðsson leika allir með Brann, sem varð norskur meistari í fyrsta sinn í 44 ár. Ragnar Sigurðsson og Hjálmar Jónsson leika lykilhlutverk í liði Gautaborgar, sem varð sænskur meistari í fyrsta sinn í 11 ár.

Grétar Rafn Steinsson var sem fyrr lykilmáður í hollenska liðinu AZ Alkmaar og var valinn í lið ársins í Hollandi hjá Voetbal International, sem er stærsta knattspyrnutímaritið þar í landi.

Eiður Smári Guðjohnsen lék sem fyrr með spænska stórlíðinu Barcelona og kom mikið við sögu. Hann meiddist í júní og missti af undirbúningstímabilinu af þeim sökum. Þrátt fyrir þrálátan orðróm um að Eiður væri á förum frá félaginu varð hann um kyrrt, barðist fyrir sæti sínu í liðinu, og var að uppskera eftir því í lok árs.

Hermann Hreiðarsson, Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson gegndu áfram lykilhlutverki hjá sínum liðum í ensku úrvalsdeildinni. Hermann flutti sig um set um sumarið, fór frá Charlton til Portsmouth og var þar fastamaður í liðinu. Ívar og Brynjar voru lykilmenn í liði Reading á árinu, og hjálpuðu liðinu að festa sig í sessi sem úrvalsdeildarlið.

### ARNAR ÞÓR KOMINN Í 50 LEIKJA KLÚBBINN

Arnar Þór Viðarsson náði þeim áfanga á árinu að leika sinn 50. A-landsleik fyrir Íslands hönd. Áfanganum náði hann gegn Spánverjum í undankeppni EM á Laugardalsvellinginum í september. Þá lék Ívar Ingimarsson sinn 30. leik á árinu og Kristján Örn Sigurðsson sinn 25. leik. Helgi Sigurðsson náði einnig merktum áfanga á árinu, en hann hefur nú leikið yfir 100 landsleiki fyrir Íslands hönd ef öll yngri landslið eru tekin með í reikninginn.

### EIÐUR SMÁRI SLÓ MARKAMET RÍKHARÐS

Eiður Smári Guðjohnsen sló á árinu markamet Ríkharðs Jónssonar, sem gerði 17 mörk fyrir A-landsliðið á sínum tíma. Eiður skoraði tvö mörk fyrir landsliðið á árinu og komu þau bæði í sama leiknum, á heimavelli gegn Lettum. Hann hefur því alls skorað 19 mörk, tveimur mörkum meira en Ríkharður.

### A LANDSLIÐ KVENNA

Sigurður Ragnar Eyjólfsson tók við stjórnartaumunum á A-landsliði kvenna í desember 2006 og var síðasta ár því hans fyrsta með liðið. Guðni Kjartansson var aðstoðarþjálfari Sigurðar.

Fyrsta verkefni þeirra með liðið var þátttaka í Algarve-bikarnum í Portúgal, sem er gríðarsterkt mót, haldið á hverju ári með þátttöku margra af sterkustu landsliðum heims. Fyrstu mótherjarnir voru Ítalir, sem unnu 2-1 sigur í jöfnum og spennandi leik, en sigurmark þeirra ítölsku kom í blálokin. Íslenska liðið nýttu ekki fjölmörg góð marktækifæri gegn Írum í næsta leik, og niðurstaðan varð því 1-1 jafntefli. Þriðji leikurinn og sá

síðasti í riðlakeppninni var gegn heimamönnum í Portúgal og þar vannst glæsilegur 5-1 sigur, þar sem Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði þrennu. Loks var leikið gegn gríðarsterku liði Kínverja um 9. sætið í mótinu, en 12 lið tóku þátt. Frábær frammistaða skilaði íslenskum 4-1 sigri í leiknum. Kínverjar voru þarna í 9. sæti á styrkleikalista FIFA fyrir kvennalandslíð. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði fjögur mörk í mótinu og komst þar með upp fyrir Ásthildi Helgadóttur sem markahæsti leikmaður kvennalandslíðsins frá upphafi.

Lokaundirbúningurinn fyrir leiki í undankeppni EM 2009 var vinátu-landsleikur gegn Engendingum, sem fram fór í Southend á Englandi. England hafði talsverða yfirburði í leiknum og vann 4-0 sigur. Í leikslok fór fram víta-spyrnukappni að beiðni enska liðsins og tók hvort lið 11 spyrnur. Markvörðurinn Þóra B. Helgadóttir fór á kostum og Ísland vann vítakeppnina 8-5.

Undankeppni EM hófst í lok maí með sannfærandi 3-0 sigri Íslands á Grikkjum í Aþenu. Íslenska liðið skoraði tvö mörk snemma leiks og bætti við þriðja markinu undir lokin.

Í júní fóru fram tveir heimaleikir á Laugardalsvelli í undankeppni EM, gegn Frökkum og Serbum.

Frakkar voru þá í 7. sæti á styrkleikalista FIFA og höfðu á gríðarsterku liði að skipa. Gestirnir réðu ferðinni lengst af, en íslenska liðið varðist vel og gaf fá færi á sér. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði eina mark leiksins þegar um 10 mínútur lifðu af leiknum og Ísland fagnaði glæsilegum sigri á einni sterkustu knattspyrnuþjóð heims.

Nýtt áhorfendamet var sett gegn Serbum. Ríflega 6.000 manns, tvö-

falt fleiri en áður höfðu mætt á kvennalandsleik, studdu dyggilega við bakið á íslenska liðinu sem vann frábæran 5-0 sigur á Serbíu. Í liði Serba voru þrír leikmenn frá íslenskum félagsliðum – Vanja Stefanovic úr Val, Lidija Stojkanovic úr HK/Víkingi og Danko Podovac úr Keflavík.

Ísland var í mjög góðri stöðu í riðlinum fyrir lokaleik ársins, gegn Slóvenum í Dravograd í Slóveníu í ágúst. Þrátt fyrir mikla yfirburði íslenska liðsins í leiknum tapaðist hann, 1-2. Ísland náði forystunni snemma leiks, en heimamenn jöfnuðu strax með þrumufleyg beint úr aukaspyrnu, og náðu síðan forystunni með marki úr vítaspyrnu um miðjan fyrri hálfleik. Það sem eftir lifði leiks var um stanslausa íslenska sókn að ræða og fjölmörg marktækifæri, en allt kom fyrir ekki og Slóvenar hirtu stigin þrjú. Ísland átti 22 markskot í leiknum, en Slóvenar aðeins þessi tvö sem gáfu þeim mörk. Ljóst er að þetta tap var áfall fyrir íslenska liðið, en ekki þýðir að leggja árar í bát því möguleikarnir í riðlinum eru ennþá mjög góðir.

## U21 LANDSLIÐ KVENNA

Norðurlandamót U21 landsliða kvenna var breytt í U23 mót árið 2007 og að þessu sinni tók Ísland ekki þátt, meðal annars vegna úrslitakeppni EM U19 kvenna. Árið 2008 mun Ísland heldur ekki taka þátt í mótinu.

## U19 LANDSLIÐ KVENNA

Ólafur Þór Guðbjörnsson þjálfaði U19 landslið kvenna, eins og hann hefur gert alveg frá árinu 1999. Ólafur hefur stjórnað liðinu í öllum leikjum þess nema einum, þeim fyrsta.

Stærsta verkefni ársins var að sjálfsgöngu úrslitakeppni EM, sem

fram fór hér á landi í júlí. Liðin sem þar tóku þátt voru skipuð leikmönnum fæddum 1988 og síðar. Undirbúningur liðsins fyrir úrslitakeppnina hélt áfram á árinu. Fyrst var haldið til La Manga á Spáni í mars og þar leiknir þrír leikir. Fyrstu mótherjarnir voru Ítalir, sem unnu nauman 2-1 sigur. Næst var leikið gegn Englandi og lyktaði þeim leik með 1-1 jafntefli. Síðasti leikurinn var svo annað 1-1 jafntefli, að þessu sinni gegn frændum okkar Dönum. Lokaleikurinn í löngu og ströngu undirbúningsferli var svo leikur gegn Svíum ytra og þar vannst íslenskur 1-0 sigur.

Fyrsti leikur íslenska liðsins í úrslitakeppninni, sem var jafnframt opunarleikur mótsins, fór fram á Laugardalsvelli við frábærar aðstæður frammi fyrir 1.400 áhorfendum. Mótherjarnir voru Norðmenn, sem voru einfaldlega alltof sterkir fyrir okkar stúlkur, og unnu þeir 5-0 sigur. Næstu mótherjar voru Danir, sem unnu 2-1 sigur í miklum baráttuleik á Kópavogsvelli, og þar með voru draumar um sæti í undanúrslitum keppinnar úr sögunni. Lokaleikur Íslands í mótinu var gegn Þjóðverjum í Grindavík, en þýska liðið hefur verið það sterkasta í Evrópu síðustu ár. Stúlkurnar okkar stóðu sig vel í leiknum og veittu þeim þýsku harða keppni þrátt fyrir 2-4 tap.

Í undanúrslitum lögðu Þjóðverjar Frakka 4-2 í hörkuleik á Laugardalsvelli og Englendingar höfðu betur gegn Norðmönnum á KR-velli, 3-0. Þjóðverjar reyndust vera með sterkasta lið keppinnar. Þeir sýndu það og sönnuðu með 2-0 sigri á Englendingum í úrslitaleiknum á Laugardalsvelli, og hömpuðu þar með Evrópumeistaratitlinum annað árið í röð.

Íslenska liðið náði því miður ekki að krækja í stig í mótinu þrátt fyrir ágætis frammistöðu og mikla

baráttu. Stúlkurnar okkar sýndu að þær eiga svo sannarlega framtíðina fyrir sér í knattspyrnunni og eiga margar hverjar eftir að skila sér í A-landsliðið innan fárra ára.

U19 kvenna, skipað leikmönnum fæddum 1989 og síðar, lék í undankeppni EM í lok september og fór riðillinn fram í Portúgal. Ísland vann öruggan sigur í öllum leikjum sínum og leikur því í milliriðli í mars 2008. Fyrst voru Rúmenar lagðir með fjórum mörkum gegn engu, þá vannst 4-1 sigur á Grikkjum. Loks var leikið gegn heimamönnum og vann íslenska liðið 3-2 sigur, sem var öruggari en tölurnar gefa til kynna.

## U17 LANDSLIÐ KVENNA

Kristrún Lilja Daðadóttir tók við þjálfun U17 landsliðs kvenna í árslok 2006 og var árið 2007 því það fyrsta hjá liðinu undir hennar stjórn.

Fyrsta verkefni ársins var Opna Norðurlandamótið, sem fram fór í Noregi að þessu sinni. Skemmst er frá því að segja að íslenska liðið tapaði öllum leikjum sínum í mótinu; 0-3 gegn Svíþjóð, 0-2 gegn Noregi, 1-3 gegn Hollandi, og loks leik um 7. sætið gegn Danmörku, 1-4. Ljóst er að mikil vonbrigði voru með þessa útkomu.

Í september tók liðið svo þátt í undankeppni EM, skipað leikmönnum fæddum 1991 og síðar. Þetta er í fyrsta sinn sem EM er haldið í þessum aldursflokki kvenna. Riðill Íslands fór fram í Slóveníu og hóf okkar lið keppnina með 7-1 stórsigri á Lettum. Í kjölfarið kom annar stórsigur, 5-0 gegn heimamönnum, og lokaleikurinn var 3-0 sigur gegn Úkraínu. Þess má geta að Berglind Björg Þorvaldsdóttir var á skotskónum í þessum þremur leikjum, skoraði alls 8 mörk og var markahæsti

leikmaður undankeppninnar yfir alla riðla. Ísland sigraði því í riðlinum með miklum yfirburðum og leikur í milliriðli í Danmörku í lok mars 2008.

### FANNDÍS MARKADROTTNING

Fannnís Friðriksdóttir skoraði öll þrjú mörk Íslands í úrslitakeppni EM U19 landsliða kvenna, sem fram fór hér á landi síðastliðið sumar. Þetta dugði henni til að vera ein af þremur markadrottningum mótsins, þar sem engum leikmanni tókst að skora fleiri en þrjú mörk.

### LANDSLEIKJAÁFANGAR

Þóra Björg Helgadóttir og Edda Garðarsdóttir náðu þeim merka áfanga á árinu að leika sinn 50. A-landsleik. Dóra Stefánsdóttir, Dóra María Lárusdóttir og Hólmsfríður Magnúsdóttir léku 25. A-landsleiki sína.

### ÁSTHILDUR HÆTT

Síðla árs tikynti Ásthildur Helgadóttir að hún væri hætt knattspyrnuíðkun vegna þrálátra meiðsla. Ásthildur á að baki einstakan feril í íslenskrum knattspyrnu, en hún lék sinn fyrsta A-landsleik árið 1993. Alls lék hún 69 sinnum í A-landsliði fyrir Íslands hönd og skoraði 23 mörk. Framlag Ásthildar Helgadóttur til íslenskrar knattspyrnu er ómetanlegt og eru henni færðar miklar þakkir fyrir það.

### 10 MILLJÓNIR FYRIR SÆTI Í ÚRSLITAKEPPNI EM 2009

Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum í janúar 2007 að kvennalandsliðið fái 10 milljón króna afreksstyrk komist liðið í úrslitakeppni EM 2009, sem

skiptist milli þeirra leikmanna sem taka þátt í riðlakeppninni.

### KSÍ HLAUT STYRK ÚR AFREKSKVENNASJÓÐI

Í febrúar var í fyrsta sinn úthlutað úr Afrekskvennasjóði Glitnis og ÍSÍ. KSÍ hlaut eina milljón króna vegna undirbúnings og þátttöku kvennalandsliðsins í undankeppni Evrópumóts kvenna í knattspyrnu sem fram fer í Finnlandi 2009.

Afrekskvennasjóður Glitnis og ÍSÍ er nýr sjóður sem hefur það að markmiði að styðja við bakið á afrekskonum í íþróttum og gera þeim betur kleift að stunda sína íþrótt og ná árangri.

### GLÆSILEG ÚRSLITAKEPPNI EM U19 KVENNA Á ÍSLANDI

Í tilefni af 60 ára afmæli KSÍ á árinu var úrslitakeppni Evrópumóts U19 landsliða kvenna haldin hér á landi og fór hún fram á suðvesturhorni landsins í júlí. Um var að ræða eitt umfangsmesta verkefni sem KSÍ hefur tekið að sér. Keppnin var hin glæsilegasta í alla staði, ekki síst fyrir ómetanlega vinnu hinna fjölmörgu sjálfboðaliða sem komu að mótinu fyrir hönd KSÍ og hjá þeim félögum sem lögðu til keppnisvelli og æfingavelli.

Mikill fjöldi sjálfboðaliða starfaði með einum eða öðrum hætti við mótið. Rúmlega 50 manns leystu ýmis störf sem fylgdarmenn keppnisliða og dómara. Þá tóku um 70 ungir knattspyrnuíðkendur þátt með því að ganga með leikmönnum liðanna inn á leikvöllinn fyrir keppnisleikina. Keppnisþjóðirnar sjö sem komu hingað til lands voru fyrirferðarmiklar og fylltu um 220 manns hóp keppenda, þjálfara, liðsstjóra og annarra þeirra er fylgdu liðunum. Þá er ótalinn sá hópur sem kom frá UEFA til þess

að sjá um framkvæmd keppninnar ásamt KSÍ. Um 40 manns skipuðu þann hóp og sáu um verkefni eins og lyfjapróf, meiðslaggreiningu, frétttaflutning og annað sem tilheyrir stórmóti sem þessu. Þá voru tveir leikir sýndir í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni Eurosport og mættu aðilar á vegum sjónvarpsstöðvarinnar einnig til landsins.

Ítarlega umsögn um skipulag og framkvæmd mótsins er að finna í fylgiskýrslu.

### KONUR Í ATVINNUMENNSKU

Dóra Stefánsdóttir og Ásthildur Helgadóttir léku sem fyrr með sænska liðinu Malmö. Ásthildur glímdi við meiðsli mestan part tímabilsins, en þó tókst henni að skora 8 mörk í 12 leikjum. Dóra tók þátt í öllum leikjum Malmö nema einum og skoraði 3 mörk.

Landsliðsmarkvörðurinn Þóra B. Helgadóttir fór til Belgíu í febrúar og gekk þar til liðs við Leuven. Um sumarið skipti var hún lánuð í nokkra leiki til Malmö í Svíþjóð, en að lánstímanum loknum gekk hún í raðir Anderlecht, sem er annað af sterkustu liðunum í Belgíu.

Erla Steina Arnardóttir gekk til liðs við Jersey Sky Blue í Bandaríkjunum í ársbyrjun og lék þar fram á sumar, en gekk þá til liðs við sænska liðið Kristiansand. Í norsku úrvalsdeildinni lék Björg Bjarnadóttir lykilhlutverk með liði Klepp.

### STYRKLEIKALISTAR FIFA

A-landslið karla var í 90. sæti á styrkleikalista FIFA í lok ársins 2007 og hækkaði því um þrjú sæti frá árinu á undan. Listinn er gefinn út mánaðarlega. Liðið tók mikla dýfu á listanum á árinu, en náði að vinna sig aftur upp á við með



nokkrum góðum úrslitum. A-landslið kvenna var í 21. sæti í lok árs á styrkleikalista FIFA fyrir kvennalandslið sem gefinn er út þrisvar sinnum á ári, sama sæti og árið á undan.

### ALDREI JAFN MARGIR LANDSLEIKIR Á EINU ÁRI

Aldrei hafa landslið Íslands í knattspyrnu leikið fleiri landsleiki en á nýliðnu ári, 2007. Alls léku sjö landslið Íslands í karla- og kvennaflokki 62 landsleiki árið 2007, en árið 2006 léku landsliðin samtals 47 landsleiki.

Áður höfðu flestir landsleikir farið fram árið 1994 þegar leiknir voru 60 landsleikir. Flesta landsleiki á síðasta ári lék U17 karlalandsliðið, en liðið lék 13 landsleiki á árinu og náði þeim frábæra árangri að komast í úrslitakeppni EM sem leikin var í Belgíu. Annað landslið, U19 kvenna, lék einnig í úrslitakeppni á árinu og var með næst flestu landsleikina, 10 talsins. Þar á eftir komu A-landslið karla og kvenna en þau léku bæði 9 landsleiki á nýliðnu ári.

### GÓÐ AÐSÓKN AÐ LANDSLEIKJUM

Heimaleikir karlaliðs Íslands í undankeppni fyrir EM 2008 voru vel sóttir og er undankeppnin sú best sótt hingað til. Að meðaltali mættu 7.833 áhorfendur á heimaleikina sex í keppninni, en flestir mættu á leikinn gegn Danmörku, 10.007.

Áður hafði besta meðaltalið verið á undankeppni EM 2000 þegar 6.571 áhorfandi mætti á heimaleikina. Mestu munaði um leikinn gegn Frakklandi í þeirri undankeppni, en hann sóttu 12.004 áhorfendur.

<b>EM 2008</b>	
<i>Mótherji</i>	<i>Áhorfendur</i>
N-Írland	7.727
Spánn	9.483
Lettland	5.865
Svíþjóð	8.725
Danmörk	10.007
Liect	5.189
<b>Meðaltal</b>	<b>7.833</b>

<b>HM 2006</b>	
<i>Mótherji</i>	<i>Áhorfendur</i>
Króatía	5.520
Malta	4.887
Ungverjaland	4.613
Svíþjóð	7.037
Búlgaría	5.014
<b>Meðaltal</b>	<b>5.414</b>

<b>EM 2004</b>	
<i>Mótherji</i>	<i>Áhorfendur</i>
Þýskaland	7.065
Færeyjar	6.036
Litháen	3.513
Skotland	7.056
<b>Meðaltal</b>	<b>5.918</b>

<b>HM 2002</b>	
<i>Mótherji</i>	<i>Áhorfendur</i>
Tékkland	6.011
Búlgaría	4.316
Malta	3.554
N-Írland	6.762
Danmörk	7.072
<b>Meðaltal</b>	<b>5.543</b>

<b>EM 2000</b>	
<i>Mótherji</i>	<i>Áhorfendur</i>
Úkraína	7.072
Andorra	4.795
Armenía	5.637
Rússland	3.345
Frakkland	12.004
<b>Meðaltal</b>	<b>6.571</b>

<b>HM 1998</b>	
<i>Mótherji</i>	<i>Áhorfendur</i>
Liechtenstein	1.651
Írland	3.981
Litháen	4.118
Makedónía	3.649
Rúmenía	3.314
<b>Meðaltal</b>	<b>3.343</b>

### ÁHORFENDAMET Á A-LANDSLEIK KVENNA

Best sótti kvennalandsleikur Íslands frá upphafi var leikinn á árinu 2007 þegar 5.976 áhorfendur mættu á leik Íslands og Serbíu í undankeppni EM. Var aðsóknarmetið bætt um ríflega helming, en fyrra metið var sett þegar 2.974 áhorfendur mættu á leik Íslands og Englands árið 2002.

### LEIKSKRÁR GEFNAR ÚT FYRIR LANDSLEIKI

KSÍ ákvað á þessu ári að hefja að nýju útgáfu leikskrár fyrir heimaleiki A-landsliðs karla, en slík útgáfa hafði ekki verið í meira en áratug. Fyrir hvern leik var gefin út 20 blaðsíðna leikskrá með ýmsum áhugaverðum og gagnlegum upplýsingum. Meðal efnis í leikskránum var ávörp formanns og þjálfara, umfjöllun um fyrri viðureignir og eftirminnilegir leikir rifjaðir upp, umfjöllun um landsliðshópa beggja liða og þjálfara, skilaboð frá stuðningsmönnum, og fleira efni. Útgáfan mæltist vel fyrir og var áhugi fyrir leikskránni stigvaxandi með hverjum leik, þannig að ljóst er að framhald verður á þessari útgáfu fyrir heimalandsleiki ársins 2008.

### RÚNAR KRISTINSSON HEIÐRAÐUR

Í lok ársins var Rúnar Kristinsson heiðraður af KSÍ fyrir að vera fyrstur til þess að spila 100 A-landsleiki. Rúnar fékk afhent viðurkenningarskjal og málverk, sérstaklega málað fyrir þetta tilefni af listmálaranum Tolla. Alls lék Rúnar 104 landsleiki fyrir A-landslið karla. Fyrsta leikinn lék hann 28. október 1987, þá 18 ára gamall, þegar hann kom inn á sem varamaður í leik gegn Sovétríkjunum. Hundraðasti leikurinn

var gegn Litháen á útivelli, 11. júní 2003. Lauk leiknum með 3-0 sigri Íslendinga. Sinn 104. og síðasta landsleik lék hann 18. ágúst 2004 á Laugardalsvelli þegar 20.204 áhorfendur sáu Íslendinga leggja Ítali með tveimur mörkum gegn engu. Rúnar lék 39 leiki með yngri landsliðum Íslands og eru því landsleikirnir 143 alls.

### HERMANN OG MARGRÉT KNATTSPYRNUFÓLK ÁRSINS

Leikmannaval KSÍ valdi Hermann Hreiðarsson og Margréti Láru Viðarsdóttur knattspyrnufólk ársins 2007. Tilkynnt var um valið í hófi í höfuðstöðvum KSÍ í desember. Í Leikmannavali KSÍ eru aðallega fyrrverandi landsliðsmenn, þjálfarar og forystumenn í knattspyrnuhreyfingunni.

Hermann lék sinn 75. landsleik á árinu og er nú orðinn þriðji leikjahæsti landsliðsmaður Íslands. Hann lék fimm landsleiki á árinu og var fyrirliði í fjórum þeirra. Hermann gekk í maí 2007 til liðs við enska úrvalsdeildarfélagið Portsmouth og hefur gegnt mikilvægu hlutverki í leik liðsins. Hann hefur leikið rúmlega 400 deildarleiki á ferlinum og á vafalaust eftir að bæta við þann fjölda. Hermann er svo sannarlega verðugur fulltrúi íslenskrar knattspyrnu.

Margrét Lára Viðarsdóttir var lykilmáður í liði Íslandsmeistara Vals 2007 sem og í íslenska kvennalandsliðinu. Hún setti nýtt og glæsilegt markamet þegar hún skoraði 38 mörk í Landsbankadeild kvenna og bætti þar með sitt eigið markamet frá árinu áður. Margrét Lára lék í öllum 9 landsleikjum Íslands á árinu og skoraði í þeim 8 mörk, m.a. sigurmarkið í fræknum sigri á Frökkum. Margrét hefur því skorað 29 mörk í 35 landsleikjum

fyrir A-lið kvenna og er frábær fulltrúi íslenskrar knattspyrnu.

### MARGRÉT LÁRA ÍPRÓTTAMAÐUR ÁRSINS

Margrét Lára Viðarsdóttir, leikmaður Íslandsmeistara Vals, var kjörin Íþróttamaður ársins 2007 af Samtökum íþróttafréttamanna – SÍ, fyrst knattspyrnukvenna. Aðeins tveir knattspyrnumenn voru á meðal tíu efstu í kjörinu að þessu sinni, þau Margrét Lára og Eiður Smári Guðjohnsen, sem hafnaði í 8. sæti. Þeir fimm knattspyrnumenn sem hafa hreppt titilinn á undan Margréti Láru eru Guðni Kjartansson (1973), Ásgeir Sigurvinsson (1974 og 1984), Jóhannes Eðvaldsson (1975), Arnór Guðjohnsen (1987) og Eiður Smári Guðjohnsen (2004 og 2005). Margrét Lára átti frábært ár með félagliði sínu og landsliðinu og er mjög vel að þessari viðurkenningu komin.

•••••

### EVROPULEIKIR FÉLAGSLIÐA

#### MEISTARADEILD UEFA

Íslandsmeistarar FH komust nokkuð örugglega í gegnum 1. umferð forkeppni Meistaradeildar UEFA. Mótherjarnir voru færeysku meistararnir í HB. FH vann heimaleikinn á öruggan hátt með fjórum mörkum gegn einu og gerði svo markalaust jafntefli í síðari leiknum, sem fram fór í Þórshöfn í Færeyjum.

Í 2. umferð forkeppni voru mót-herjar FH BATE frá Hvíta-Rússlandi. Hvít-Rússarnir gerðu nánast út um einvígið í fyrri leik liðanna, í Kaplakrika, með sannfærandi 3-1 sigri. Litlu munaði reyndar að FH

færi með sigur af hólmi í síðari leiknum, en niðurstaðan varð 1-1 jafntefli og FH því úr leik.

#### UEFA-BIKARINN

Það voru KR og Keflavík sem voru fulltrúar Íslands í UEFA-bikarnum að þessu sinni og féllu bæði lið úr leik í 1. umferð forkeppinnar.

KR-ingar náðu góðum úrslitum í fyrri leiknum gegn sænska liðinu Häcken, sem fram fór ytra. Leiknum lauk með 1-1 jafntefli og KR því í góðri stöðu fyrir síðari leikinn. Vesturbæjarliðið fór illa að ráði sínu á KR-vellinum og tapaði 0-1, en markalaust jafntefli hefði dugað til áframhaldandi þátttöku.

Keflvíkingar mættu danska liðinu Midtjylland og unnu 3-2 sigur í mögnuðum fyrri leik liðanna, á Keflavíkuvelli, eftir að hafa lent undir, 0-2. Keflavík náði forystunni í síðari leiknum, en tvö mörk Dananna í síðari hálfleik dugðu þeim til að komast áfram á fleiri mörkum skoruðum á útivelli. Keflvíkingar voru grátlega nálægt því að komast áfram.

#### INTERTOTO-KEPPNIN

Valsmenn léku í Intertoto-keppninni fyrir Íslands hönd að þessu sinni og mættu írsku liðinu Cork City í 1. umferð. Tvö ódýr mörk gestanna á Laugardalsvelli þýddu að Valur þurfti vinna tveggja marka sigur í útileiknum til að eiga möguleika á að komast áfram. Valsmenn voru nálægt því, en mark þeirra í fyrri hálfleik reyndist eina mark leiksins, og Valsarar voru því úr leik.

#### UEFA-BIKAR KVENNA

Árangur íslensku liðanna í UEFA-bikar kvenna hefur verið glæsilegur

á undanförunum árum og sú var einnig raunin hjá Íslandsmeisturum Vals á síðasta ári. Árangurinn var frábær og sýndi enn hversu sterk íslensku félagsliðin eru á evrópskan mælikvarða.

Valsstúlkur léku undanriðil sinn í Færeyjum og unnu hann með fullu húsi stiga. Fyrsti sigurinn var á Honka Espoo frá Finnlandi, 2-1. Því næst voru heimastúlkur í KÍ lagðar örugglega með 6 mörkum gegn engu, áður en 5-1 sigur vannst á Den Haag frá Hollandi.

Milliriðillinn var leikinn í Belgíu og var fyrsti leikurinn gegn þýska stórliðinu Frankfurt. Þær þýsku reyndust of sterkar fyrir Valsstúlkurnar og unnu 3-1 sigur í leiknum. Næstu andstæðingar voru heimamenn í liði Wezemaal og vann Valur öruggan 4-0 sigur í þeim leik. Lokaleikurinn var svo gegn enska liðinu Everton og unnu Englendingarnir 3-1 sigur. Þau úrslit hefðu dugað Val til að ná 2. sætinu í riðlinum og þar með sæti í 8-liða úrslitum, ef úrslit í hinum leiknum hefðu verið eftir bókinni, en óvænt jafntefli Wezemaal og Frankfurt gerði þær vonir að engu og því voru það Belgarnir sem komust áfram ásamt þýska liðinu.

•••••

## MANNVIRKJAMÁL

### FRAMKVÆMDUM VIÐ LAUGARDALSVÖLL LOKIÐ

Á árinu lauk umfangsmiklum framkvæmdum við Laugardalsvöll og hefur ásýnd leikvangsins svo sannarlega tekið stakkaskiptum. Um er að ræða stærstu fjárfestingu sem KSÍ hefur nokkru sinni ráðist í. Meginþættir framkvæmdanna voru að sjálfsögðu stækkun og endurbætur á vesturstúku Laugardalsvallar og uppbygging skrifstofu-

aðstöðu og fræðsluseturs KSÍ. Vesturstúkan rúmar nú um 6.500 sæti og völlurinn alls því um 10.000 manns í sæti.

Um algera byltingu er að ræða á þeirri aðstöðu sem KSÍ hefur til afnota og hefur skrifstofunni nú verið gert kleift að auka enn hina ýmsu þjónustu sem veitt er aðildarfélögum, vallargestum og öðrum tengdum aðilum, auk þess sem aðstaða til móttöku gesta og funda er stórbætt. Framvegis mun KSÍ að langmestu sjálft hýsa blaðamannafundi, ráðstefnur, þjálfaranámskeið o.s.frv. og þarf því ekki að leita eftir aðstöðu annars staðar, þó alltaf geti komið til þess við sérstakar aðstæður.

### HÚSAKYNNI KSÍ VÍGÐ FORMLEGA

Í lok júlí 2007 fór fram formleg vígsla á nýjum húsakynnum KSÍ. Það var Michel Platini, forseti UEFA, sem vígði húsið formlega ásamt formanni KSÍ, Geir Þorsteinssyni. Bygging húsnæðisins var m.a. styrkt með fjármagni frá UEFA og FIFA og voru fulltrúar frá þeim viðstaddir vígsluna. Gestum var boðið að skoða húsakynninn og var svo boðið til kvöldverðar á eftir í tilefni af 60 ára afmælis KSÍ.

### GLÆSILEGT FRAMLAG TIL SPARKVALLAÁTAKSINS

Í júní var undirritað samkomulag á milli KSÍ og fjögurra fyrirtækja um áframhaldandi uppbyggingu sparkvalla á landinu. Sparkvallaátakið hófst árið 2004 og var leitað til Eimskips, Kauppings, Olís og VÍS um að þessi fyrirtæki myndu styrkja átakið. Fyrirtækin tóku ákaflega vel í þessar umleitanir og styrktu þau átakið um samtals 50 milljónir króna. Við bættist styrkur frá UEFA og var upphaflega

hugmyndin að byggja a.m.k. 40 velli. Undirtektirnar hafa verið stórkostlegar og hefur átakið sífellt orðið viðameira. Áhugi sveitarfélaganna hefur verið gríðarlega mikill og vellirnir hafa risið upp um allt land. Í júní var svo undirritað fyrrgreint samkomulag þar sem þessi sömu fyrirtæki samþykktu að leggja aðrar 50 milljónir til verkefnisins. Velvilji þessara fyrirtækja er ómetanlegur í þessu verkefni en hröð uppbygging sparkvalla á Íslandi hefur vakið mikla athygli á meðal aðildarlanda UEFA.

### KÓRINN OPNAÐUR

Í september var Kórinn í Kópavogi formlega opnaður, en um er að ræða glæsilega knattspyrnuhöll sem stendur við Vallarkór í Vatnsendahverfi. Húsið er einkar glæsilegt og mun nýtast knattspyrnufólki vel í framtíðinni. Aðstaða er fyrir allt að 2000 áhorfendur í höllinni. KSÍ hefur gert samning við Kópavogsbæ um nýtingu mannvirkisins, m.a. fyrir æfingar landsliða og leiki í Lengjubikarnum.

### NÝ OG GLÆSILEG MANNVIRKI TEKIN Í NOTKUN

Framfarir í uppbyggingu aðstöðu fyrir áhorfendur og knattspyrnuíðkendur voru miklar á árinu og voru mörg ný og glæsileg mannvirki tekin í notkun. Valsmenn hafa byggt nýjan leikvang að Hlíðarenda – Vodafone völlinn. Stúkan er öll hin glæsilegasta og býður upp á frábæra aðstöðu til handa áhorfendum, fjölmiðlum og öðrum, og býður auk þess upp á gríðarlega möguleika til þjónustu við vallargesti. Ný og glæsileg stúka var opnuð við Kópavogsvöll á árinu og hefur hún algerlega umbylt ásýnd leikvangsins. Á Akranesi var lokið stækkun á stúkunni til að uppfylla kröfur

leyfiskerfisins um sætafjölda fyrir áhorfendur og hefur vel tekist til. Á Selfossi og á svæði ÍR í Breiðholti voru teknir í notkun nýir gervigrasvellir og skipt var um gervigras á nýlegum völlum Fram, Fylkis og KR á árinu þar sem gervigrasið sem áður hafði verið lagt var gallað. Þessar framkvæmdir hafa sýnt og sannað að ekki var vanþörf á bættri æfingaaðstöðu fyrir þessi félög, enda eru æfingatúmar á völlum fullnýttir.

### **SPARKVELLIR, GERVIGRASVELLIR OG KNATTSPYRNUHALLIR**

Í upphafi árs 2008 er vert að skoða fjölda gervigrasvalla, knattspyrnuhalla og sparkvalla hér á landi. Alls eru 16 gervigrasvellir í fullri keppnisstærð á landinu, 7 knattspyrnuhallir með keppnisvöllum í fullri stærð, og 126 sparkvellir (þar af 103 KSÍ-sparkvellir). Til viðbótar er í Kaplakrika í Hafnarfirði einn keppnisvöllur (sem þó nær ekki fullri stærð) og eitt æfingahús með velli í hálfri stærð. Eitt æfingahús með velli í hálfri stærð á eftir að vígja í Grindavík. Í Þorlákshöfn er síðan gervigrasvöllur í hálfri stærð. Sannarlega mikil breyting frá árinu 2000, þegar 5 gervigrasvellir voru á landinu, engin knattspyrnuhöll og 6-7 sparkvellir.

.....

## **FRÆDSLUMÁL**

### **ÞJÁLFAFARAMENNTUN**

Alls luku 58 þjálfarar við KSÍ A þjálfaragráðu á árinu. Þessi mikli fjöldi setti svip sinn á árið og það tók alls 4 mánuði að afgreiða þennan fjölmenna hóp.

### **ÚTTEKT Á MENNTUN KNATTSPYRNUÞJÁLFAFARA**

Þeir Jón Steindór Þorsteinsson og Ríkharð Bjarni Snorrason íþróttafræðinemar gerðu mjög nákvæma úttekt á menntun knattspyrnuþjálfara á Íslandi sumarið 2006 að beiðni KSÍ. Fram kom m.a. að 575 þjálfarar störfuðu við knattspyrnuþjálfun á Íslandi sumarið 2006. Þar af voru 480 karlar (83,5%) og 95 konur (16,5%). Af þessum 575 þjálfurum voru 382 aðalþjálfarar, 154 aðstoðarþjálfarar, 24 yfirþjálfarar og 15 markmannsþjálfarar. Samkvæmt úttektinni má segja að staða vel menntaðra knattspyrnuþjálfara á Íslandi sé mjög góð.

Sumarið 2006 höfðu 41,4% allra starfandi þjálfara lokið við KSÍ B (UEFA B) gráðu eða meiri þjálfaramenntun. Sautján prósent (17%) allra starfandi þjálfara höfðu lokið við KSÍ A (UEFA A) gráðu.

### **NÁMSKEIÐAHALD**

Góð þátttaka var á þjálfaranámskeiðum KSÍ eins og undanfarin ár. Haldin voru 11 þjálfaranámskeið og fór um helmingur þeirra fram utan höfuðborgarsvæðisins. Á þessi námskeið mættu alls 297 þjálfarar. Gríðarleg þátttaka hefur verið á þjálfaranámskeiðum KSÍ síðastliðin 5-6 ár og til að mynda hafa 80 þjálfarar lokið öllum þjálfarastigunum 7 sem KSÍ býður upp á, auk þeirra 200 þjálfara sem hafa lokið KSÍ B þjálfaragráðunni.

### **BYLTING Í AÐSTÖÐUMÁLUM**

Bylting varð í aðstöðumálum þjálfaranámskeiða KSÍ á árinu. Bóklegur hluti þjálfaranámskeiðanna fer nú allur fram í hinu nýja fræðslusetri KSÍ og verklegur hluti

fer að mestu fram í Knattspyrnuhöllinni Kórnum í Kópavogi.

### **ERLEND SAMSKIPTI**

Fulltrúar KSÍ sóttu fjölmargar ráðstefnu á árinu. Ingibjörg Hinriksdóttir og Ólafur Kristjánsson voru fulltrúar KSÍ á árlegri ráðstefnu knattspyrnusambanda Norðurlandanna sem haldin var í Kaupmannahöfn í Danmörku, 6.-9. nóvember. Sigurður Ragnar Eyjólfsson var fulltrúi KSÍ á UEFA ráðstefnu fræðslustjóra knattspyrnusambandanna í Evrópu, sem haldin var í London á Englandi, 24.-26. september.

### **KNATTSPYRNUFÓLK FRAMTÍÐARINNAR**

Knattspyrnskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að Laugarvatni í júní. Hjá drengjunum fór skólinn fram dagana 11.-15. júní, en hann sóttu samtals 43 drengir. Freyr Sverrisson var skólastjóri og honum til aðstoðar Guðjón V. Guðjónsson. Skóli stúlkanna fór fram dagana 18.-22. júní og sóttu hann 33 stúlkur. Krístrún Lilja Daðadóttir hafði umsjón með stúlkunum og Jón Stefán Jónsson og Sandra Sif Magnúsdóttir voru henni til aðstoðar. Þekktir þjálfarar og leikmenn komu í heimsókn í knattspyrnskólana að vanda.

### **ÚTBREIÐSLUÁÆTLUN OG ÚTBREIÐSLUSTEFNA**

Unnið hefur verið að gerð áætlunar um verkefni næstu ára í útbreiðslumálum og grasrótastarfi. Áætlunin var samþykkt á fundi stjórnar KSÍ á árinu og mun markvisst starf hefjast árið 2008. Hér er um metnaðarfullt verkefni að ræða og er það von KSÍ að þessi áætlun verði vísir að öfluglu grasrótastarfi í náinni framtíð.

## GRASRÓTARSÁTTMÁLI UEFA

Í júní kom fulltrúi UEFA til Íslands til að fara yfir umsókn KSÍ að Grasarótaráttmála UEFA. Taldi hann eftir að hafa farið yfir gögn KSÍ og farið í vettvangsskoðanir að umsóknin ætti að ganga í gegn. Í nóvember kom svo tilkynning frá UEFA þar sem sagði að allir aðilar sem fjallað hefðu um umsókn KSÍ mæltu með því að KSÍ fengi samþykki fyrir fyrstu stjórnunni í Grasarótaráttmála UEFA, en alls er hægt að fá fimm stjórnur í stjórnkerfi sáttmálans.

## ÍSLANDSLEIKAR SPECIAL OLYMPICS Í KNATTSPYRNU

Þann 1. apríl fóru fram Íslandsleikar Special Olympics í knattspyrnu í Reykjaneshöll. Framkvæmd leikanna var samvinnuverkefni ÍF, KSÍ og Íþróttafélagsins Ness í Reykjaneshöf. Glitnir, sem er aðalstyrktaraðili Special Olympics á Íslandi, gaf öllum keppendum boli og gaf verðlaun mótsins. Kristján Guðmundsson, þjálfari karlaliðs Keflavíkur í knattspyrnu, sá um upphitun keppenda ásamt leikmönnum sínum. Landsdómarar KSÍ sáu um dómgæslu og Freyr Sverrisson fulltrúi KSÍ afhenti verðlaun í mótslok.

## VIÐURKENNING FYRIR GRASRÓTARSTARF

KA hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir besta grasrótarviðburð ársins 2007 – N1 mótið (áður Esso-mótið) á Akureyri, sem hefur um árabíl verið haldið með miklum glæsi-brag.

Íþróttafélagið Nes í Reykjaneshöf fékk viðurkenningu fyrir grasrótarviðburð ársins hjá fötluðum vegna knattspyrnumóts Special Olympics í Reykjaneshöll.

“Púkarnir” á Ísafirði, sem eru fyrrverandi leikmenn ÍBÍ, fengu viðurkenningu fyrir Púkamótið í eldri flokki, en hagnaður mótsins rennur í sjóð sem ætlað er að styrkja ísfrska knattspyrnu.

## NORRÆN RÁÐSTEFNA UM GRASRÓTARKNATTSPYRNU

Þriðja Norræna grasrótarráðstefnan var haldin í höfuðstöðvum KSÍ í Laugardal dagana 31. október og 1. nóvember. Meðal umræðuefnis var hvernig mætti fjölga stúlkum í knattspyrnu og minnka brottfall ungra leikmanna, og hvort leggja ætti áherslu á þroska leikmanns/barns frekar en að einblína á úrslit. Alls komu 15 ráðstefnugestir frá hinum Norðurlöndunum. Þótti ráðstefnan mjög vel heppnuð í alla staði.

## FUTSAL FYRIR BLINDA

Dagana 15.-18. október sótti Guðlaugur Gunnarsson ráðstefnu sem haldin var í Óslo um Futsalinnanhússknattspyrnu fyrir blinda. Inn í ráðstefnuna var fléttað þjálfara- og dómaramámskeið í þessari íþróttagrein.

## FÓTBOLTAÆFINGAR FYRIR FATLAÐA

Haldnar voru sex fótboltaæfingar fyrir fatlaða í samstarfi við Íþróttafélag Fatlaðra í vor og haust. Á haustæfingarnar komu Hermann Hreiðarsson, Grétar Rafn Steinsson, Greta Mjöll Samúelsdóttir og Katrín Jónsdóttir úr A-landsliðum karla og kvenna og vakti það mikla lukku þátttakendana og foreldra þeirra.

•••••

## ANNAD

### GEIR ÞORSTEINSSON KJÖRINN FORMAÐUR KSÍ

Geir Þorsteinsson var kjörinn formaður KSÍ til tveggja ára á 61. ársþingi KSÍ sem haldið var á Hótel Loftleiðum 10. febrúar 2007. Geir er sá áttundi sem gegnir því embætti. Eggert Magnússon kvaddi þar með KSÍ eftir rúm 17 ár í formannsembætti. Eggert var síðan kjörinn heiðursformaður KSÍ og eru þeir nú tveir – Eggert Magnússon og Ellert B. Schram. Þeir aðilar buðu sig fram til formanns og féllu atkvæði þannig:

- Geir Þorsteinsson – 86 atkvæði
- Jafet Ólafsson – 29 atkvæði
- Halla Gunnarsdóttir – 3 atkvæði

Geir Þorsteinsson hefur starfað í knattspyrnuhreyfingunni síðan árið 1981 og á skrifstofu KSÍ síðan 1992, fyrst sem skrifstofustjóri, en sem framkvæmdastjóri síðan 1997. Hann lét af starfi framkvæmdastjóra í kjölfar ársþingins og við því starfi tók Þórir Hákonarson.

### NÝ LÖG KSÍ

Á 58. ársþingi KSÍ í febrúar 2004 var samþykkt tillaga um að fela þriggja manna nefnd að vinna ný lög fyrir KSÍ og að jafnframt færi fram endurskoðun á reglugerðum sambandsins. Nefndin hafði til hliðsjónar lög KSÍ og ÍSÍ, og nauðsynleg ákvæði sem aðildarsamband UEFA og FIFA. Bæði UEFA og FIFA höfðu þá tekið upp ný lög og störfuðu samkvæmt þeim, og því var nauðsynlegt fyrir KSÍ að taka mið af ákvörðunum þessara samtaka sem og breytingum á skipulagi aðildarfélaga. Þessari vinnu skilaði nefndin af sér fyrir 61. ársþing KSÍ í febrúar 2007 og samþykkti ársþingið einróma hin nýju lög KSÍ.

Í nýju lögunum hefur verið komið tí mótis við kröfur FIFA og UEFA um skylduákvæði, auk þess sem ýmsum ákvæðum hefur verið bætt við, öðrum breytt og þau löguð til að auka skýrleika þeirra.

Helstu nýjungar:

- i) Stjórn KSÍ setur nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni, sem snúa að allri framkvæmd laganna.
- ii) Breyting er gerð á dómstigum KSÍ, sem eru áfram tvö, en fyrsta stig er nú aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, sem tók yfir starf Dómstóls KSÍ og aganefndar. Áfrýjunarstigið er áfram Áfrýjunardómstóll KSÍ. Kafli um viðurlög og refsingar er bætt við lögin.
- iii) Grunnskipulag deildarkerfis Íslandsmótisins í meistara-flokki er nú tilgreint í lögunum.
- iv) Skýrar er kveðið á um leyfis-kerfið.
- v) Fastanefndir KSÍ eru betur skilgreindar.
- vi) Nýtt ákvæði um hlutafélög og samning sem aðildarfélag getur gert við hlutafélag um rekstur knattspyrnustarfsemi þess. Í lögunum er gert grein fyrir þeim skilyrðum sem slíkur samningur þarf að uppfylla.

Við gildistöku nýrra laga var jafnframt nauðsynlegt að ráðast í endurskoðun á reglugerðum sambandsins og starfsreglum nefnda Allar reglugerðir sambandsins voru yfirfarnar og þær uppfærðar til samræmis við ný lög KSÍ. Öllum fastanefndum sambandsins voru settar starfsreglur. Þessari umfangsmiklu vinnu lauk með samþykkt stjórnar í lok apríl.

### ÁSGEIR ELÍASSON LÁTINN

Ásgeir Elíasson, fyrrverandi landsliðsmaður og landsliðsþjálfari, lést

á árinu, aðeins 58 ára gamall. Ásgeir lék 32 leiki fyrir A-landslið karla og var þjálfari þess á árunum 1991 til 1995. Hann var einnig landsliðsþjálfari U21 karla á árunum 1992 til 1994. Ásgeir var einn af reyndustu þjálfurum landsins og vann þrisvar sinnum Íslandsmeistararitilinn með Fram ásamt því að vinna bikarkeppnina þrisvar sinnum sem þjálfari. Knattspyrnuheimurinn er vissulega fátækari við fráfall Ásgeirs, enda virtur þjálfari og ekki síður ákaflega vinsæll og góður félagi. Þekking hans og reynsla í knattspyrnunni var víðtæk og leituðu margir til hans um ráðleggingar og var ætíð vel tekið. Knattspyrnuhreyfingin á Íslandi syrgir góðan félag.

### SEX AÐILAR SÆMDIR HEIÐURSKROSSI

Sex aðilar voru sæmdir heiðurskrossi KSÍ á árinu, sem er æðsta heiðursmerki KSÍ. Þessir aðilar eru eftirtaldir: Björgólfur Guðmundsson, Guðmundur Jónsson, Hannes Þ. Sigurðsson, Ásgeir Sigurvínsson, Eggert Magnússon og Halldór Einarsson (Henson). Heiðurskrossinn veitist aðeins undir alveg sérstökum kringumstæðum þeim mönnum, sem unnið hafa knattspyrnuþróttinni ómetanlegt gagn og skal heiðurskrossi einnig fylgja sérstakt heiðurskjal.

### LUKA HLAUT VIÐURKENNINGU ALÞJÓÐAHÚSS

Luka Kostic, þjálfari U17 og U21 landsliða karla, hlaut í desember viðurkenningu Alþjóðahúss - "Vel að verki staðið" - fyrir lofsverða frammistöðu í málefnum innflytjenda á Íslandi. Það var forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sem afhenti viðurkenninguna við hátíðlega athöfn í Alþjóðahúsi. Viðurkenningin var nú veitt í

fimmta sinn og þjónar þeim tilgangi að vekja athygli á jákvæðu starfi sem unnið er hér á landi í málefnum innflytjenda. Veittar eru viðurkenningar í þremur flokkum og hlaut Luka viðurkenningu sem einstaklingur af erlendum uppruna sem lagt hefur sitt af mörkum til samfélagsins.

### “ÚTSPARK TIL GAMBÍU”

Í tengslum við landsleik Íslands og Liechtenstein í júní fór fram söfnunarátakið "Útspark til Gambíu", að frumkvæði Halldórs Einarssonar í Henson og Rauða krossins. Markmiðið þar var að safna fótboltaþúnaði og senda til Afríkúríkisins Gambíu. Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, Guðrún Inga Sívertsen og Jón Gunnlaugsson hittu sendinefnd frá knattspyrnusambandi Gambíu á ársþingi FIFA og lýstu fulltrúar Gambíumanna yfir mikilli ánægju með framtakið og fullvissuðu þau um að þessi þúnaður kæmi að mjög góðum notum.

### Á ANNAÐ HUNDRAD ÞÚSUND HEIMSÓKNIR Á MÁNUÐI

Vefur KSÍ hefur fest sig í sessi sem einn af vinsælustu og fjölsóttustu vefjum landsins. Notkunarmöguleikar verða sífellt fleiri og stöðugt er unnið að endurbótum til að bregðast enn betur við upplýsingaleit notenda. Eins og gefur að skilja er umferð um vefinn þyngst yfir sumartímamann og fara heimsóknir þá vel á annað hundrað þúsund í hverjum mánuði.

Fyrsti vefur KSÍ var opnaður í maí 2000 og sá vefur sem nú er í notkun hefur staðið síðan í maí 2005.

Til stóð að opna nýjan myndavef á síðasta ári, en því var síðan frestað til ársins 2008. Nýi myndavefurinn mun veita knattspyrnuháugafólki

auðveldan aðgang að myndasafni KSÍ, sem telur tugþúsundir mynda frá ýmsum skeiðum íslenskrar knattspyrnusögu.

Á ksi.is er að finna gríðarlega mikið af upplýsingum um alla meginþætti í starfsemi KSÍ, öll mót á vegum KSÍ, KRR-mót, Faxaflóamót, félagaskipti, leikmannasamninga, alla landsleiki og landsliðsmenn frá upphafi, öll eyðublöð, lög og reglugerðir, upplýsingar um leyfiskerfið, fræðslumál og margt fleira. Allar upplýsingar sem skráðar eru í mótakerfi KSÍ uppfærast sjálfkrafa á vefnum og er áhugasömum þannig gert kleift að fylgjast grannt með öllu sem gerist.

Hægt að skoða alla landsleiki Íslands frá upphafi á vefnum, auk úrslita annarra leikja í undankeppnum stórmóta og stöðutafna, og unnið er að því að færa úrslit allra leikja í mótum meistaraflokka í mótakerfið, þannig að hægt verði að skoða úrslit og stöðutöflur aftur í tímann á vefnum. Lokið hefur verið skráningu á öllum leikskýrslum í öllum landsliðum kvenna frá upphafi og stefnt er að því að ljúka sömu vinnu fyrir karllandsliðin sem allra fyrst.

Aðildarfélög sjá um að skrá úrslit og leikskýrslur úr heimaleikjum sínum í gegnum aðgang sinn að vefnum. Þetta hefur gengið vel í flestum tilfellum, en sums staðar þurfa félögin að taka sig verulega á.

### ALDREI JAFN MARGIR LEYFISUMSÆKJENDUR

Fimmta leyfisferlinu lauk í lok mars 2007 með ákvörðunum leyfisráðs varðandi leyfisumsóknir félaga í Landsbankadeild karla og 1. deild karla. Aldrei áður hafa svo mörg félög undirgengist leyfiskerfi KSÍ - alls 22 félög - og fjölgar þeim í 24 fyrir keppnistímabilið 2008. Þessi fjölgun kemur til af tveimur

ástæðum - annars vegar vegna inntöku 1. deildar karla í leyfiskerfið, og hins vegar vegna fjölgunar liða í þessum tveimur deildum - úr 10 í 12.

Þar sem 2007 var fyrsta árið sem leyfiskerfið náði til 1. deildar var einungis um reynsluár að ræða, þ.e. félögunum var gert að uppfylla allar kröfur sem til þeirra voru gerðar, en ákveðið var að ekki yrði gripið til viðurlaga þar sem upp á vantaði. Þannig var félögum í 1. deild gert kleift að öðlast reynslu í vinnu við undirbúning leyfisumsóknar, sem myndi hjálpa þeim að takast á við verkefnið fyrir keppnistímabilið 2008, en þá verður kerfið keyrt af fullum krafti í báðum deildum.

Leyfisráð samþykkti á fundi sínum í lok mars 2007 þátttökuleyfi það ár til handa öllum umsækjendum í Landsbankadeild, þ.e. 10 félögum. Félögin urðu öll að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í leyfishandbók KSÍ. Í handbókinni er lýst leyfisveitingaferlinu og þeim lágmarkskröfum sem félög verða að mæta á 5 sviðum sem snúa m.a. að knattspyrnulegu uppeldi leikmanna, æfingaaðstöðu, menntun þjálfara, aðstöðu áhorfenda og fjölmiðla, og síðast en ekki síst í fjármálum. Kröfurnar sem gerðar eru til félaga í 1. deild eru að grunni þær sömu, en eru að hluta til lægri en í Landsbankadeild.

Með leyfisumsókn fyrir 2007 þurfti að fylgja ársreikningur með fullri áritun endurskoðanda, auk staðfestinga á því að engin vanskil væru hjá viðkomandi félagi við leikmenn og aðra starfsmenn, eða vegna félagaskipta. Staðfestingar á þessu bást frá öllum félögunum í Landsbankadeild, en aðeins um helmingi félaga í 1. deild.

Leyfisráð lagði til við stjórn KSÍ að þrjú félög í Landsbankadeild yrðu sektuð vegna dráttar á skilum á

fjárhagslegum leyfisgögnum, þar af tvö vegna verulegs dráttar á skilum, og var það samþykkt.

Sum félög sóttu um frest til aðlögunar vegna væntanlegra mannvirkjaframkvæmda við velli, t.d. aðstöðu fyrir áhorfendur, og var sá frestur veittur gegn því að lögð væri fram áætlun um framkvæmdir og staðfesting á því að framkvæmdum yrði lokið innan setts tímaramma.

Sjö af 12 félögum í 1. deild hefðu fengið þátttökuleyfi án athugasemda, en tvö þeirra hefðu þó fengið sekt vegna verulegs dráttar á skilum á fjárhagslegum gögnum. Þau fimm félög sem eftir voru uppfylltu ekki lykilkraefuna um endurskoðaðan ársreikning með fullri áritun, ásamt viðeigandi staðfestingum um að engin vanskil væru við starfsmenn eða skattýfirvöld, eða við önnur knattspyrnufélög vegna félagaskipta.

Aðeins var um reynsluár að ræða í 1. deild, þannig að viðurlögum var ekki beitt, en einungis kynnt hver niðurstaðan hefði verið ef um fulla keyrslu hefði verið að ræða. Ljóst er að sum félög verða að taka sig verulega á fyrir 2008, ef þau ætla ekki að lenda í vandræðum í leyfisveitingaferlinu.

### GÆÐAMAT FRAMKVÆMT Á LEYFISKERFI KSÍ

Í september fór fram víðtækt gæðamat á skipulagi leyfiskerfis KSÍ og því starfi sem unnið er við rekstur þess. Matið er framkvæmt árlega af SGS, sem er alþjóðlegt vottunarfyrirtæki og sér um gæðamat á leyfiskerfum fyrir UEFA í aðildarlöndum sambandsins. Í fyrsta sinn var nú unnið eftir nýrri leyfishandbók og setti það svip sinn á niðurstöðuna. Skoðunin tókst ágætlega og var gæðavottun frá SGS staðfest, en þó komu fram

nokkur minniháttar atriði sem laga þarf fyrir skoðun næsta árs. Gríðarleg vinna hefur verið lögð í leyfiskerfið hér á landi, bæði hjá KSÍ og félögum sem undirgangast kerfið, og hefur Ísland verið í fararbroddi á meðal aðildarþjóða UEFA í innleiðingu kerfisins frá byrjun.

### STARFSHÓPUR UM JAFNRÉTTISMÁL

Stjórn KSÍ samþykkti í febrúar 2007 að skipa þriggja manna starfshóp um jafnréttismál. Hlutverk hópsins var að skila tillögum til stjórnar um jafnréttisstefnu KSÍ. Starfshópurinn skipuðu þau Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, formaður, Guðrún Inga Sívertsen og Ingibjörg Hinriksdóttir. Hópurinn kom saman nokkrum sinnum á árinu og skilaði tillögu um jafnréttisstefnu KSÍ til stjórnar sambandsins, sem lögð verður fyrir 62. ársþing KSÍ.

### NEFNDARSTÖRF HJÁ UEFA OG FIFA

Síðastliðið sumar skipuðu UEFA og FIFA í nefndir sínar og eru nokkrir einstaklingar frá KSÍ þar á meðal. Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, er einn varaformanna í Leikvanga- og öryggisnefnd UEFA, og er hann jafnframt í skipulagsnefnd á vegum FIFA fyrir Heimsmeistarakeppni U20 landsliða karla sem fram fer í Egyptalandi 2009. Lúðvík Georgsson er í Leyfisnefnd UEFA, Guðrún Inga Sívertsen, gjaldkeri KSÍ, er í nefnd UEFA um kvennaknattspyrnu og loks er Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, í fjölmiðlanefnd UEFA. KSÍ hefur kappkostað að vera virkt í innra starfi hjá UEFA og FIFA og er þessi nefndarskipan viðurkenning á því starfi.

### EGGERT NÁÐI EKKI ENDURKJÖRI

Eggert Magnússon, fyrrverandi formaður KSÍ, var í endurkjöri til framkvæmdastjórnar UEFA í byrjun síðasta árs. Eggert náði ekki endurkjöri, hafnaði í áttunda sæti af þrettán frambjóðendum með 23 atkvæði, en sex efstu náðu kjöri.

### IÐKENDUM FÆKKAR NOKKUÐ MILLI ÁRA

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands tekur árlega saman tölfræði yfir iðkendur hjá sérsamböndunum og eru sem fyrr langflestir iðkendur hjá KSÍ. Þó fækkar skráðum iðkendum nokkuð milli ára. Tölur sem birtar eru í árslok 2007 eru fyrir árið 2006. Iðkendur í knattspyrnu árið 2006 voru um 17.500 talsins og er það fækkun frá árinu á undan, en þá voru knattspyrnuíðkendur skráðir rúmlega 18.000. Geta má þess að í tölum ÍSÍ er ekki tekið tillit til þeirra fjölmörgu iðkenda í utandeildum, eða þeim sem leika hádegis- eða kvöldbolta með vinum og kunningjum, þ.e. unga jafnt sem aldna sem leika knattspyrnu eingöngu sér til skemmtunar og heilsubótar. Í tölum ÍSÍ er einungis um að ræða skráða iðkendur hjá íþróttafélögunum sem stunda knattspyrnu á vegum þeirra.

### KÆRUMÁL

Alls tók aga- og úrskurðarnefnd fyrir 10 kærur á árinu. Eins og svo oft áður var í flestum tilfellum um að ræða mál sem komu upp vegna gruns kæranda um ólöglega skipuð lið eða ólöglega leikmenn.

KV kærði Afríku vegna leiks í 3. deild karla, þar sem KV taldi að lið Afríku hefði verið ólöglega skipað. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur KV og úrskurðaði félaginu

3-0 sigur í leiknum. Auk þess var Afríku gert að greiða sekt.

ÍBV kærði Val vegna leiks í 3. flokki karla, þar sem ÍBV taldi að Valur hefði teflt fram leikmanni sem hefði átt að vera í leikbanni. Nefndin féllst á kröfur ÍBV og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var Val gert að greiða sekt.

Magni kærði Völsung vegna leiks í 2. deild karla, þar sem Magni taldi að lið Völsungs hefði verið ólöglega skipað. Aga- og úrskurðarnefnd féllst ekki á kröfur Magna og úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa óbreytt.

UMFL á Þórshöfn kærði Þrótt Neskaupstað vegna leiks í B-liðum 5. flokks karla, þar sem UMFL taldi að lið Þróttar hefði verið ólöglega skipað. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur UMFL og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum.

ÍR kærði HK vegna leiks í C-liðum 4. flokks karla, þar sem ÍR taldi að lið HK hefði verið ólöglega skipað. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur ÍR og úrskurðaði félaginu sigur í leiknum, 3-0.

Fjölnir kærði Víking/Berserki vegna leiks í 2. flokki karla, þar sem Fjölnir taldi að Víkingar/Berserki hefðu teflt fram leikmanni sem hefði átt að vera í leikbanni. Nefndin féllst á kröfur Fjölnis og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var Víkingi/Berserkjum gert að greiða sekt.

ÍR kærði Leikni R. vegna framkvæmd leiks í 2. flokki karla, þar sem ÍR hélt því jafnframt fram að leikskýrsla hefði verið fölsuð. Aga- og úrskurðarnefnd féllst ekki á kröfur ÍR og úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa óbreytt.



Keflavík kærði Snæfellsnes vegna leiks í 3. flokki karla, þar sem Keflvíkingar töldu að Snæfellingar hefðu teflt fram ólöglega skipuðu liði. Aga- og úrskurðarnefnd féllst ekki á kröfur Keflavíkur og úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa óbreytt.

Keflavík kærði Þrótt R. vegna framkvæmd leiks í 3. flokki karla. Aga- og úrskurðarnefnd féllst ekki á kröfur Keflvíkinga og úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa.

Fylkir kærði Grindavík vegna leiks í U23 liðum karla, þar sem Fylkismenn töldu að Grindvíkingar hefðu teflt fram ólöglega skipuðu liði. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur Fylkis og úrskurðaði félaginu 3-0 sigur í leiknum. Auk þess var Grindavík gert að greiða sekt.

## SAMSTARFSADILAR KSÍ

KSÍ er í samstarfi við sjö fyrirtæki undir yfirkristinni *Alltaf í boltanum með KSÍ*. KSÍ ákvað að tengja slagorðið *Alltaf í boltanum* við starfsemi sína, en það lýsir vel því hugarfari sem einkennir allt starfið. Samningar þessir, sem gerðir voru árið 2006, eru til fjögurra ára og fela í sér í aðalatriðum að fyrirtækin sjö munu verða sýnileg í allri starfsemi KSÍ.

Fyrirtæki þessi eru:

- Coca-Cola (Vífelfell)
- Icelandair
- Íslenskar getraunir
- Landsbankinn
- Mastercard
- Vodafone
- VÍS

Þá átti KSÍ samstarf við Guðmund Jónasson, Gott fólk, Ísspor, Icelandair-hotels, Heklu, Miða.is, Errea og fleiri þjónustufyrirtæki.



## FJÁRMÁL

### TÆPAR 110 MILLJÓNIR KRÓNA TIL ÍSLENSKRA FÉLAGSLIÐA

UEFA greiðir ákveðnar upphæðir til þeirra félagsliða sem taka þátt í Evrópumótum og miðast heildarupphæðir við árangur viðkomandi liða. Íslensku félagsliðin fjögur sem léku í Evrópukeppnum síðastliðið sumar fengu alls tæplega 51 milljón króna í sinn hlut. FH fékk 33,4 m.kr., KR og Keflavík fengu 6,5 m.kr. hvort félag og Valur fékk 4,3 m.kr.

UEFA ákvað á árinu, líkt og áður, að hluti af þeim tekjum sem sambandið hafði af Meistaradeild UEFA (Champions League) 2006/2007 skuli renna til félaga í öllum aðildarlöndum UEFA, til eflingar knattspyrnu barna- og unglunga. Íslensk félög fengu tæpar 20 milljónir króna í sinn hlut til barna- og unglungastarfs. Stjórn KSÍ samþykkti að leggja til um 17 milljónir króna af eigin rekstrarfé til viðbótar framlagi UEFA til barna- og unglungastarfs aðildarfélaga.

UEFA setti þau skilyrði að aðeins félög sem hafa samþykka uppeldisáætlun sem uppfyllir lágmarkskröfur leyfiskerfis viðkomandi knattspyrnusambands varðandi barna- og unglungastarf gætu fengið greiðslu og að fjárhæðin skiptist á milli félaganna samkvæmt ákvörðun stjórnar viðkomandi sambands. Í samræmi við það ákvað stjórn KSÍ að framlag UEFA rynni til þeirra félaga sem léku í Landsbankadeild karla og 1. deild karla árið 2007, en í þeim deildum hefur KSÍ innleitt leyfiskerfi. Félög úr Landsbankadeild fengu 1,2 m.kr. hvert og félög úr 1. deild 0,8 m.kr. hvert.

Framlag KSÍ sjálfs til eflingar knattspyrnu barna og unglunga rann til félaga í 2. deild karla, 3. deild karla og aðildarfélaga KSÍ utan deilda 2007. Úthlutun var háð því að félög haldi úti starfsemi í yngri flokkum. Hvert félag í 2. deild karla fékk 500 þúsund krónur en önnur félög 400 þúsund krónur.

Þess má geta að hingað til hefur framlag UEFA aðeins runnið til félaga í efstu deild karla, en með innleiðingu leyfiskerfis í 1. deild karla uppfylltu félögin úr 1. deild öll skilyrði UEFA til þess að hljóta þessa greiðslu. Það var svo ákvörðun stjórnar KSÍ að öll aðildarfélög sambandsins sem halda úti barna- og unglungastarfi hljóti styrk og er stefnt að því að slíkt gerist árlega.

Greiðslan til félaganna skal renna óskipt til eflingar knattspyrnu barna og unglunga frá yngstu iðkendum til og með 2. aldursflokks. Verkefni sem KSÍ leggur áherslu á eru fjölgun iðkenda og um leið fjölgun menntaðra þjálfara að störfum hjá félögunum. Þá geta félögin staðið fyrir nýjum þáttum í barna- og unglungastarfi sínu, t.d. með námskeiðum eða knattspyrnuskólum. Dæmi um kostnaðarliði í þessu starfi eru laun þjálfara, ferða- kostnaður vegna þátttöku í keppni, aðstöðuleiga, kaup á tækjum og áhöldum.

Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum í apríl að greiða öllum félögum sem undirgengust leyfiskerfi KSÍ fyrir keppnistímabilið 2007, alls 22 félögum, styrk fyrir vinnu við undirbúning leyfisumsókna sinna. Ákveðið var að greiða hverju félagi af 10 í Landsbankadeild karla 250 þúsund krónur. Þá ákvað stjórnin að greiða 7 félögum í 1. deild karla sömu upphæð fyrir þessa vinnu. 250 þúsund krónur. Um er að ræða þau 7 félög sem skiluðu fullnægjandi gögnum með leyfisumsókn til að þátttökuleyfi hefði

verið veitt. Á sama fundi ákvað stjórnin að greiða 5 félögum í 1. deild 150 þúsund krónur, en sú upphæð hefði hækkað í 250 þúsund ef viðkomandi félög hefðu skilað nauðsynlegum fjárhagsgögnum til leyfisstjórnar fyrir upphaf Íslands-móts. Samtals voru greiddar 5,1 m.kr. til félaganna vegna þessa.

KSÍ úthlutaði á árinu styrkjum til tveggja félaga í Landsbankadeild karla að upphæð 9,7 m.kr. vegna framkvæmda við vallarmannvirki.

Viðbótarframlag KSÍ til félaga í Landsbankadeild karla vegna sjónvarps- og markaðssamnings við SportFive og verðlaunafjár í Landsbankadeild karla og VISA-bikar karla nam á árinu 2007 um 5,5 m.kr.

Í heildina runnu því tæpar 110 m.kr. til íslenskra félagsliða en þar af var hlutur UEFA um 71 m.kr. Þessi fjárhagslegi stuðningur er gríðarlega mikilvægur fyrir íslenska knattspyrnu.

## 13,7 MILLJÓNIR KRÓNA Í VERÐLAUNAFÉ

Í lok keppnistímabilsins fengu félög greiddar 13,7 m.kr. í verðlaunafé fyrir árangur í Landsbankadeild og VISA-bikar. Auk þess fengu félögin í Landsbankadeild karla sérstakar greiðslur fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi.

### Landsbankadeild karla

Sæti	Félag	Upphæð
1	Valur	1.000.000
2	FH	700.000
3	ÍA	500.000
4	Fylkir	300.000
5	Breiðablik	300.000
6	Keflavík	300.000
7	Fram	300.000
8	KR	300.000
9	HK	200.000
10	Víkingur R.	200.000

**4.100.000**

### VISA-bikar karla

Sæti	Félag	Upphæð
1	FH	1.000.000
2	Fjölirnir	500.000
3-4	Breiðablik	300.000
3-4	Fylkir	300.000
5-8	Haukar	200.000
5-8	ÍA	200.000
5-8	Keflavík	200.000
5-8	Valur	200.000
9-16	Fjarðabyggð	100.000
9-16	Fram	100.000
9-16	HK	100.000
9-16	ÍBV	100.000
9-16	KR	100.000
9-16	Víkingur R	100.000
9-16	Þór	100.000
9-16	Þróttur R	100.000

**3.700.000**

### Landsbankadeild kvenna

Sæti	Félag	Upphæð
1	Valur	1.000.000
2	KR	700.000
3	Breiðablik	500.000
4	Keflavík	300.000
5	Stjarnan	300.000
6	Fylkir	300.000
7	Fjölirnir	300.000
8	Þór/KA	200.000
9	ÍR	200.000

**3.800.000**

### VISA-bikar kvenna

Sæti	Félag	Upphæð
1	KR	1.000.000
2	Keflavík	500.000
3-4	Breiðablik	300.000
3-4	Fjölirnir	300.000

**2.100.000**

## AUKINN KOSTNAÐUR VEGNA DÓMGÆSLU

Útgjöld KSÍ vegna dómgæslu 2007 voru 39,2 m.kr, en þar af greiddu félögin um 9,6 m.kr vegna ferða og upphalds dómara. Stærsti liðurinn að venju var launagreiðslur til dómara, eða 20,5 m.kr. Hér er um

gríðarlega hækkun að ræða, en árið 2006 var þessi upphæð 14,2 m.kr. Nýr samningur var gerður við dómara fyrir þetta keppnistímabil sem skýrir hækkunina. Til viðbótar kom til kostnaður að upphæð 2,1 m.kr. vegna eftirlitsmanna KSÍ á leikjum.

## RÚMAR 133 MILLJÓNIR KRÓNA FRÁ UEFA OG FIFA

KSÍ fékk um 133 m.kr. styrk frá UEFA og FIFA á árinu til ýmissa rekstrartengdra verkefna en árið áður nam þessi upphæð um 90 m.kr.

## GÓÐ REKSTRARAFKOMA SAMBANDSINS

Heildartekjur KSÍ samstæðunnar 2007 voru 658,9 m.kr. og heildargjöld voru 592,3 m.kr. Hagnaður varð því 66,6 m.kr.

Heildartekjur samstæðunnar voru um 25% umfram áætlun en rekstrargjöldin voru um 13% umfram áætlun.

Eins og mörg undanfarin ár voru fjármunatekjur stór liður í afkomu KSÍ. Á árinu 2007 námu þær 149,6 m.kr. en fjármagnsgjöld voru 10,6 m.kr.

Fjórða árið í röð voru lagðir fjármunir í sparkvallagerð vítt og breitt um landið. Á árinu 2007 voru lagðir 26 vellir og þá hafa alls verið lagðir 103 vellir. Kostnaður við sparkvallaátakið er nú alls rúmlega 255 m.kr.

Afkoma KSÍ samstæðunnar er mjög góð og eigið fé hennar var í lok árs 2007 orðið 347,2 m.kr.

# Knattspyrnusamband Íslands

## Ársreikningur 2007

### Efnisyfirlit

#### **Knattspyrnusamband Íslands:**

Áritun óháðs endurskoðenda.....	Bls. 29
Áritun stjórnenda.....	30
Rekstrarreikningur.....	31
Efnahagsreikningur.....	32
Yfirlit um sjóðstreymi.....	33
Skýringar.....	34-40
Sundurliðanir.....	41

























## Skýringar

### 17. Önnur mál

Í janúar 2008 var undirritaður nýr samningur um sjónvarps- og markaðsrétt milli KSÍ og SportFive. Gildistími hans eru tvö ár 2010-2011. Samningurinn felur í sér kaup SportFive á útsendingarrétti á heimaleikjum A landsliðs karla og U21 landsliðs karla og tilefnum markaðsréttindum (vallarskiltum) á heimaleikjum A landsliðs karla. Einnig tekur samningurinn til útsendingarréttar frá leikjum í Landsbankadeild karla og Vísu bikar karla og markaðsréttindum tengdum Landsbankadeild karla og Vísu bikar karla. Hinn nýji samningur mun gefa knattspyrnuhreyfingunni svipaðar tekjur á tveimur árum eins og núgildandi samningur gerir á fjórum árum.

Sundurliðanir

	Raun 2007	Áætlun 2007	Raun 2006
<b>Styrkir og framlög til rekstrar</b>			
ÍsÍ .....	20.281.558	18.000.000	14.926.038
Getraunir .....	3.394.890	3.500.000	3.138.997
Norræni menningarmálasjóðurinn .....	0	0	130.905
UEFA-styrkur .....	117.454.290	93.485.000	71.421.508
FIFA-styrkur .....	15.932.000	17.500.000	18.365.998
Ýmsir styrkir .....	59.500.000	58.500.000	66.500.000
	<u>216.562.738</u>	<u>190.985.000</u>	<u>174.483.446</u>
<b>Tekjur af landsleikjum</b>			
Landsleikir A-landslið .....	43.873.885	48.000.000	50.447.600
	<u>43.873.885</u>	<u>48.000.000</u>	<u>50.447.600</u>
<b>Sjónvarpsréttur</b>			
Sjónvarpsréttur .....	83.924.250	83.924.250	86.262.862
	<u>83.924.250</u>	<u>83.924.250</u>	<u>86.262.862</u>
<b>Kostnaður við landslið</b>			
A-landslið karla .....	90.063.666	70.095.000	54.062.910
U-21 landslið karla .....	13.392.421	13.902.000	13.366.764
U-19 landslið karla .....	9.651.666	10.805.000	8.489.755
U-17 landslið karla .....	17.963.637	13.931.000	10.883.777
A-landslið kvenna .....	25.675.630	24.220.000	18.754.247
U-21 landslið kvenna .....	0	0	3.924.355
U-19 landslið kvenna .....	7.822.113	16.570.000	5.203.057
U-17 landslið kvenna .....	8.884.021	9.143.000	4.552.077
Sameiginlegur landsliðskostnaður .....	17.947.499	12.773.000	17.216.935
	<u>191.400.653</u>	<u>171.439.000</u>	<u>136.453.877</u>
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	86.147.010	79.450.000	74.282.335
Skrifstofu- og nefndakostnaður .....	54.536.665	42.435.000	42.232.484
	<u>140.683.675</u>	<u>121.885.000</u>	<u>116.514.819</u>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>			
Fræðslukostnaður .....	8.643.225	8.500.000	10.074.425
Ýmis kostnaður .....	1.358.444	1.200.000	1.219.095
Þátttökuleyfi .....	993.945	1.700.000	1.879.369
	<u>10.995.614</u>	<u>11.400.000</u>	<u>13.172.889</u>



